Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja og greina samfélagsleg áhrif skapandi greina á Íslandi og leggja grunn að þróun nýrra mælikvarða á þessu sviði. Á meðan hagræn áhrif menningar og lista hafa verið mæld liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um samfélagsleg áhrif, svo sem á vellíðan, heilsu, félagslega þátttöku og staðbundna þróun. Verkefnið leitast því við að svara spurningunni hvernig meta megi þessi áhrif á heildstæðan hátt og hvernig þau geti nýst í stefnumótun. Rannsóknin er liður í stærra verkefni sem byggir á blandaðri aðferðafræði og miðar að því að þróa mælikvarða sem varpa ljósi á gildi skapandi greina fyrir heilsu og samfélagsauð. Í þessum hluta hennar er byggt á megindlegum aðferðum þar sem framkvæmd er landskönnun með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Könnunin spannar viðhorf almennings til skapandi greina, þátttöku í menningarviðburðum og listsköpun, og mat á áhrifum þeirra á lífsgæði og samfélagslega samstöðu. Við þróun spurningalistans var með annars stuðst við niðurstöður rannsóknaverkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna, þar sem eigindlegum aðferðum var beitt til að varpa ljósi á reynslu einstaklinga af skipulagningu skapandi þátttökuverkefna. Frumniðurstöður benda til þess að þátttaka í menningu og listum tengist jákvæðum áhrifum á líðan og félagslega virkni, auk þess sem viðhorf almennings undirstrika mikilvægi aðgengis allra hópa að skapandi starfsemi.

## Skattahvatar og menning: Hlutverk almannaheillafélaga í sjálfbærri menningarstefnu

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, Rakel Leifsson

Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindadeild

Í þessari rannsókn er fjallað um hvernig almannaheillafélög geti nýst sem skattalegir hvatar í íslenskri menningarstefnu án þess að grafa undan armslengd, sjálfstæði og fjölbreytni núverandi stuðningskerfa. Tilefnið er sú staða að hefðbundinn opinber stuðningur, í gegnum fagráð, endurgreiðslur og styrki, er ekki talinn nægja til að tryggja sjálfbæran rekstur í menningar- og listageiranum. Markmið rannsóknarinnar er að meta hvort almannaheillaskráin geti orðið raunhæfur valkostur til viðbótar við opinberan stuðning og hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til að hún nýtist sem farvegur fyrir einkaframlög með skattalegum ívilnunum. Rannsóknaspurningin er: Hvernig má virkja almannaheillafélög sem skattahvata í íslenskri menningarstefnu án þess að veikja armslengd, sjálfstæði og fjölbreytni stuðningskerfisins? Til að svara spurningunni var beitt blandaðri aðferðafræði. Megindleg greining á opinberum gögnum og stjórnsýsluskjölum var samþætt hálfopnum viðtölum við fimm lykilaðila úr menningar- og listageiranum, sem gerði kleift að varpa ljósi á bæði kerfislæga þætti og lifaða reynslu þeirra sem starfa innan kerfisins. Niðurstöður sýna að almannaheillaskráin er lítið nýtt í tengslum við menningu, einkum vegna óljósra skilgreininga á almannaheillastarfi, flókins umsóknarferlis og skorts á kynningu. Viðmælendur bentu á að skráin gæti þó eflt sjálfbærni og fjölbreytni, að því gefnu að stjórnsýsla verði einfaldari, kynning markvissari og samspil við önnur stuðningsform tryggt. Í samanburði við Bretland, Svíþjóð og Danmörku kemur fram að almannaheillafélög geta verið lykilverkfæri til að virkja einkaframlög með skattahvötum til viðbótar við opinberan stuðning. Rannsóknin leggur því til að skýrari ferlar, markviss fræðsla og kerfisbundin gagnaöflun geti styrkt menningarstuðning og aukið lýðræðislegt aðgengi að listum á Íslandi.

# Sameining menningarstofnana á Íslandi: Áskoranir, forsendur og samlegðaráhrif

**Bergsveinn Þórsson**[1], **Jón Snorri Snorrason**[2], **Kári Joensen**[2], **Njörður Sigurjónsson**[1]

[1] Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindadeild
[2] Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Sameining menningarstofnana hefur verið áberandi í umræðunni innan íslenskrar menningarpólitíkur á undanförnum árum, einkum innan sviðslista- og safnageirans. Þrátt fyrir að umræða hafi verið til staðar, hefur lítið verið rannsakað um samlegðaráhrif og forsendur slíkra sameininga hér á landi. Sameining menningarstofnana er rannsóknarverkefni akademískra starfsmanna viðskipta- og félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst, sem leitast við að fylla í það fræðilega og hagnýta gap með greiningu á áhrifum sameininga á rekstrargrundvöll, stjórnunarlegar áskoranir og faglega þróun. Verkefnið byggir á víðtækri gagnasöfnun m.a. í formi kortlagningar á samstarfi og sameiningu menningarstofnana eftir landshlutum, úrvinnslu spurningakönnunar sem var lögð fyrir menningarstjórnendur á Íslandi, vettvangsrannsókn og viðtölum við tengda aðila sameinaðra stofnana eins og Borgarsögusafn Reykjavíkur, Menningarfélagið á Akureyri og Minjasafn Akureyrar. Markmiðið er að kortleggja forsendur og áhrif sameininga á rekstrarlega og faglega þætti, og meta sett markmið sameiningaráforma og hvort þeim hafi verið náð. Helstu niðurstöður benda til þess að forsendur sameininga taka oft mið af rekstrarlegum þáttum, þar sem slæm fjárhagsleg staða eininga er oftar en ekki kveikjan að sameiningar hugmyndum en samlegðaráhrif faglegra og listræna þátta eru tekin með til þess að réttlæta sameiningu. Ákvarðanir um stærri sameiningar eru teknar að ofan frá af eigendum og viðhorfskönnun menningarstjórnenda bendir til þess að áhugi fyrir sameiningu sé takmarkaður. Hins vegar er ferli sameiningar ólíkt hverju sinni og ýmis form samvinnu og samnýtingar komu einnig fram sem vert er að gera grein fyrir í umræðu um sameiningar menningarstofnana á Íslandi.

## Staða handverks á Íslandi

**Steinunn Hauksdóttir**

Rannsóknasetur skapandi greina

Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast dýpri skilning á umhverfi handverksfólks á Íslandi í víðu samhengi og bera kennsl á þá þætti sem þarfnast umbóta með þarfir iðkenda í huga. Handverk á Íslandi hefur verið tiltölulega lítið rannsakað, þrátt fyrir mikilvægi þess fyrir menningararf og atvinnulíf, en tilgangur rannsóknarinnar er að efla handverk sem atvinnugrein og menningarverðmæti í samtímanum og stuðla að tryggri framtíð þess fyrir komandi kynslóðir. Rannsóknin byggir á megindlegri greiningu á svörum við rafrænni spurningakönnun sem lögð var fyrir handverksfólk á Íslandi vorið 2025. Með könnuninni var leitast við að ná yfir vítt svið en spurt var um sjálfsmynd og skilgreiningar, hlutverk handverks í samhengi menningararfs, starfsumhverfi, hugverkarétt, sölu- og markaðsumhverfi, stuðning stjórnvalda og væntingar til faglegra stoðkerfa. Svör bárust víðs vegar að af landinu og voru 231 talsins. Niðurstöður voru settar fram sem lýsandi tölfræði og þemagreining á opnum spurningum. Helstu niðurstöður sýna að handverk er órjúfanlegur hluti sjálfsmyndar svarenda og að mikilvægt sé að aðgreina handverksgreinar frá öðrum menningargreinum. Á sama tíma telja margir að stuðningi stjórnvalda sé verulega ábótavant og að handverk hafi lítið vægi í opinberri umræðu um menningararf. Þá vakti athygli að konur voru um 70% svarenda, karlar um 30%, og meirihluti svarenda (um 60%) var 60 ára eða eldri. Niðurstöðurnar varpa fram spurningum um framtíð handverks á Íslandi og hvernig styrkja megi stöðu þess sem menningarverðmæti íslensks samfélags. Rannsóknin var unnin af Rannsóknasetri skapandi greina fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar Handverks og hönnunar.

# Ferðaþjónusta, almannaréttur og umhverfisvitund

## Þjónustugæði ferðaþjónustu

**Soffía Sveinbjörg Jónasdóttir, Ragnar Már Vilhjálmsson**

Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Ferðaþjónusta sveitarfélaga skapar nærumhverfi sínu atvinnu, tekjum og fjárfestingum með tilheyrandi útsvari og skattgreiðslum til sveitarfélagsins og íslenska ríkisins. Upplifun ferðamanna á veittri þjónustu getur haft mikil áhrif á heimsóknir og vinsældir sveitarfélaga sem áfangastað ferðamanna. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna stöðu þjónustugæða ferðaþjónustunnar í Borgarbyggð og varpa ljósi á þá þætti sem þau varða, ásamt því hvernig hægt er að bæta þjónustugæði. Rannsóknarspurningar vorur tvær: 1) Hver er staða þjónustugæða í ferðaþjónustu í Borgarbyggð og 2) Hvernig er hægt að auka þjónustugæði. Tekin voru eigindleg djúpviðtöl við ferðaþjónustuaðila í Borgarbyggð, megindleg spurningakönnun lögð fyrir stjórnendur ferðaþjónustuaðila á svæðinu og framkvæmd SERVQUAL þjónustukönnun hjá aðilum í mismunandi greinum ferðaþjónustunnar með hulduheimsóknum. Staða þjónustugæða ferðaþjónustuaðila í Borgarbyggð er góð samkvæmt SERVQUAL þjónustukönnunum þar sem upplifuð þjónusta fer fram úr væntri þjónustu í öllum víddum þjónustulíkansins. Hins vegar eru innviðir á borð við vegakerfið og uppbyggingu ferðamannastaðanna sjálfra komnir að þolmörkum og hafa ekki haldið í við vaxandi ferðamannafjölda, sem hefur bein áhrif á upplifun ferðamanna og að væntingum þeirra til þjónustugæða sé mætt. Þetta eru atriði sem snúa að öryggi ferðafólks og nauðsynlegt að bæta áður en auknum ferðamannastraumi er beint inn á svæðið. Auka þarf upplýsingastreymi og samvinnu á milli ferðaþjónustuaðila og ferðamálasamtaka á svæðinu og leita lausna með betri markaðssetningu og auknum sýnileika. Einnig þarf að auka stuðning frá sveitarfélaginu til að stuðla að aukinni uppbyggingu og nýsköpun í ferðaþjónustu á svæðinu.

## Almannaréttur á tímum vaxandi ferðamennsku: Sjónarhorn landeigenda

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Edda R. H. Waage

HÍ, Líf- og umhverfisvísindadeild

Almannaréttur er mikilvægur hluti af íslenskum menningararfi, sem tryggir almenningi för um landið. Ákvæði um hann eru fest í lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) og er fyrirkomulagið svipað og á hinum Norðurlöndunum. Vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna undanfarin fimmtán ár hefur skapað togstreitu milli almannaréttar og eignarréttar, vegna aukins álags á náttúru og innviði. Þetta ástand má skoða í ljósi kenningarinnar um harmleik almenninganna (e. tragedy of the commons), sem bendir á að sameiginlegar auðlindir eru í hættu á að verða ofnýttar. Þessi þróun hefur jafnframt ýtt undir vöruvæðingu náttúrunnar í anda nýfrjálshyggju, þar sem náttúruupplifun er í aukum mæli seld með skipulögðum ferðum eins og t.d. göngu-, jökla- og íshellaferðum. Náttúruupplifun er þar með meðhöndluð sem efnahagsleg auðlind til að hámarka arðsemi af, frekar en sem sameiginleg samfélagsgæði. Markmið rannsóknarinnar er að leita skilnings á sjónarhorni landeigenda á áhrifum vaxandi ferðamennsku og þeim áskorunum sem þeir standa frammi fyrir vegna almannaréttar. Rannsóknin er eigindleg og byggir á hálfstöðluðum viðtölum við landeigendur á tólf vinsælum ferðamannastöðum víðs vegar um landið þar sem gjaldtaka var til skoðunar eða var þegar komin til framkvæmdar. Niðurstöður sýna að landeigendur upplifa ósanngjarna ábyrgð vegna skorts á skýru regluverki, sem skapar óvissu og átök. Margir upplifa vanmátt vegna ferðamennsku sem þeir hafa enga stjórn á. Þeir kalla eftir nýjum lausnum, svo sem gjaldtöku og auknu samstarfi við stjórnvöld. Rannsóknin varpar ljósi á þörfina fyrir að endurskoða almannarétt í ljósi vaxandi ferðamennsku til að tryggja jafnvægi milli náttúruverndar, sjálfbærrar nýtingar og sanngjarnrar dreifingar á kostnaði og ávinningi.

## Umhverfistúlkun í ferðaþjónustu: fræðsla, upplifun og umhverfisvitund

**Guðmundur Björnsson**

Háskóli Íslands, Líf og umhverfisvísindadeild

Umhverfistúlkun hefur á síðustu áratugum fest sig í sessi sem lykilaðferð til að miðla náttúru- og menningararfi á þann hátt að dýpka skilning og auka tengsl áheyrenda við umhverfið. Í ferðaþjónustu er hún notuð til að bæta upplifun ferðamanna og stuðla að ábyrgari umgengni. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig aðferðir umhverfistúlkunar geta styrkt gæði leiðsagnar, aukið vitund ferðamanna og skapað virðisaukandi upplifanir. Rannsóknin byggir á fjölbreyttum gögnum: fræðilegum kenningum um túlkun, eigin reynslu höfundar sem leiðsögumanns og kennara í leiðsögunámi, ásamt þróun og prófun nýs námsefnis, þar á meðal handbók um umhverfistúlkun fyrir leiðsögumenn og landverði. Lögð er áhersla á að greina hvernig aðferðir túlkunar geta verið markvissar, áheyrendamiðaðar og studdar af rannsóknum og reynslu. Helstu niðurstöður sýna að umhverfistúlkun getur haft tvíþætt gildi í ferðaþjónustu: annars vegar með því að auka ánægju og dýpri upplifun ferðamanna og hins vegar með því að efla umhverfisvitund og skilning á mikilvægi náttúru- og menningararfs. Niðurstöðurnar benda til þess að kerfisbundin innleiðing túlkunar í menntun leiðsögumanna og fræðsluefni ferðaþjónustu geti orðið mikilvægt tæki til að sameina fræðslu, vernd og upplifun.

# Fjölmiðlanotkun, stjórnmál og kosningar

## Fréttanotkun kjósenda á Íslandi: Daglegar mælingar í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 2021

**Jón Gunnar Ólafsson, Hafsteinn Einarsson**

Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Þessi rannsókn fjallar um hvernig íslenskir kjósendur fylgdust með fréttum og fréttatengdu efni um stjórnmál í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 2021. Fylgst er með þróun yfir tíma með daglegum mælingum síðasta mánuðinn fyrir kosningarnar. Fréttanotkun í kosningabaráttu hefur töluvert verið rannsökuð í vestrænum samfélögum en lítið hefur verið um rannsóknir þar sem breytingar yfir tíma hafa verið skoðaðar, líkt og við gerum í þessari rannsókn. Við styðjumst við gögn úr kosningabaráttukönnun Íslensku kosningarannsóknarinnar (ÍSKOS) sem er rúllandi þversniðsrannsókn. Með þessari aðferð mælum við daglega dreifingu á notkun þátttakenda á hefðbundnum miðlum (útvarpi, sjónvarpi og dagblöðum), netmiðlum og samfélagsmiðlum þegar kosningabaráttan nær hápunkti sínum síðustu vikurnar fyrir kjördag. Aðferðin gerir okkur kleift að greina þróun yfir tíma og varpar ljósi á hvernig notkunin breytist eftir lýðfræðilegum bakgrunni og pólitískum áhuga svarenda. Niðurstöður okkar sýna smávægilega en stöðuga aukningu í neyslu frétta og fréttatengds efnis um stjórnmál þegar dregur nær kjördegi, þar sem pólitískur áhugi er sterk skýribreyta. Þá kemur í ljós að einstaklingar sem treysta fyrst og fremst á samfélagsmiðla hafa mikinn áhuga á stjórnmálum. Þetta er nokkuð ólíkt því sem við sjáum í öðrum ríkjum þar sem fólk með lítinn áhuga á stjórnmálum styðst almennt frekar við samfélagsmiðla í kosningabaráttu, meðan þau sem mikinn áhuga hafa notast frekar við hefðbundna miðla. Niðurstöður okkar undirstrika sérstöðu stafræna fjölmiðlaumhverfisins á Íslandi þar sem nánast allir fylgjast með fréttum á netinu.

## Fjölmiðlanotkun stjórnmálamanna í kosningunum 2024

**Birgir Guðmundsson**

Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild

Til þess að gera stuttur fyrirvari fyrir kosningarnar til Alþingis í nóvember 2024 varð tilefni til umræðna um að kosningabaráttan myndi verða snörp og að miklu leyti háð á samfélagsmiðlum og jafnvel hlaðvarpsþáttum. Ekki hefur legið fyrir hvort stjórnmálamenn notuðu sér samfélagsmiðla í meira mæli en áður, en fyrri rannsóknir og reynslugögn sýna að jafnt hefðbundnir miðlar og samfélagsmiðlar hafa verið notaðir jöfnum höndum og metnir mikilvægir. Hins vegar liggur minna fyrir um hvernig og í hvaða tilgangi stjórnmálamenn beita samfélagsmiðlum. Rannsóknarspurningarnar sem varpað er fram eru því tvær: Í þessu erindi er gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum úr frambjóðendakönnun um fjölmiðlanotkun stjórnmálamanna fyrir kosningarnar 2024 og hún borin saman við fyrri kosningar. Jafnframt er grein gerð fyrir innhaldsgreiningu á færslum tveggja efstu manna á öllum listum í öllum kjördæmum um hvað þeir voru að gera á samfélagsmiðlum í kosningabaráttunni og hvort áherslan hafi verið á menn eða málefni eða jafnvel hvorugt. Þessi samfélagsmiðlahegðun stjórnmálamanna nú er jafnframt borin saman við niðurstöður úr sambærilegri greiningu fyrir kosningarnar 2017. Niðurstöður benda til að fjölmiðlanotkunin fyrir síðustu kosningar hafi ekki verið mikið öðruvísi en fyrir fyrri kosningar. Enn fremur einkennist notkunin af persónulegum og ópólitískum samskiptum, ásamt afar takmörkuðum fjölda færslna sem, sýna frumkvæði í umræðunni.

## Fulltrúakreppa eða merkingabæri valkostir; fjölgun flokka og hrun fjórflokksins

**Eva H. Önnudóttir**

Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Síðasti áratugur í íslenskum stjórnmálum hefur einkennst af fjölgun flokka á þingi, aukinni kvíslun eða sundrungu í flokkakerfinu, meiri óstöðugleika í kosningahegðun og aukinni flokkafylkjun (e.partisan sorting) meðal kjósenda á helstu málefnum stjórnmálamálanna. Í þessari grein er skoðað hvort og hvernig þessar breytingar hafa valdið álagi á fulltrúatengsl (e.representational strain) á Íslandi og hvort að afleiðingar þess hafi verið þær að atkvæði kjósenda verður merkingabærara (e.meaningful choices) þar sem þeir hafa úr fleiri kostum að velja í kosningum. Í greininni eru, byggt á niðurstöðum úr Íslensku kosningarannsókninni, skoðaðar breytingar yfir tíma á því hversu nálægt kjósendur staðsetja sjálfa sig á vinstri-hægri skala gagnvart þeim flokki sem þeir kusu. Fyrstu niðurstöður benda til þess að með tímanum upplifa fleiri kjósendur sig nær sínum flokki (sem þeir kjósa) heldur en áður. Jafnframt er meiri nálægð á vinstri-hægri á milli kjósenda og flokka meðal sjálfstæðra kjósenda, sem og á meðal kjósenda nýrra flokka. Þær sviptingar sem hafa orðið í íslensku flokkakerfi virðast því hafa leitt til merkingabærara atkvæðis fyrir kjósendur þar sem þeir upplifa sig oftar nær sínum flokki á vinstri-hægri heldur en þeir gerðu áður. Því er velt upp hvort að óstöðugleiki sem hefur einkennt kosningar undanfarinna ára (t.d. sveiflur í kosningaúrslitum) og kvíslunin í flokkakerfinu hafi mögulega leitt til betra fulltrúalýðræðis fyrir kjósendur á Íslandi þar sem þeir upplifa sig í dag mun nær þeim flokki sem þeir kjósa heldur en þeir gerðu áður.

# Fordómar og smán

## ”Ég heyri raddir” Upplifun einstaklinga sem heyra raddir af smán og fordómum í íslensku samfélagi.

**Grétar Björnsson**

Hugarafl

Í þessari rannsókn er sjónum beint að upplifunum einstaklinga sem hafa þegið fjölþætta geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi og hvernig þeir skynja fordóma og smán í tengslum við eigin reynslu. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við einstaklinga sem hafa nýtt bæði hefðbundna læknisfræðilega þjónustu og samfélagslega úrræði á vettvangi grasrótar. Markmiðið var að greina hvernig mismunandi hugmyndafræðilegar nálganir að andlegum áskorunum – annars vegar sjúkdómsmódelið og hins vegar batamiðað félagslegt líkan – móta skilning þátttakenda á vanda sínum, viðbrögðum þeirra og hugmyndum um bata. Sérstaklega er horft til þess hvernig þessi skilningur tengist upplifun af fordómum og smán. Niðurstöðurnar sýna að upplifanir af fordómum eru ekki einhlítar heldur ráðast að verulegu leyti af því hvaða nálgun einstaklingarnir gera að sinni. Þeir sem aðhyllast sjúkdómsmódelið lýsa því að vera frekar settir í stimplað hlutverk sjúklings sem stuðlar að upplifun á smán og félagslegri fjarlægð. Þeir sem tileinka sér batamiðaðar hugmyndir leggja meiri áherslu á félagslegt samhengi, sjálfsstyrkingu og hlutverk samfélagsins í að draga úr fordómum. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að skoða hvernig mismunandi hugmyndakerfi innan geðheilbrigðisþjónustu geta ýmist styrkt eða dregið úr upplifun einstaklinga af fordómum og smán.

## Afbrotastimplun, innflytjendastaða og smán: Er samskörun?

**Jón Gunnar Bernburg**[1], **Sigrún Ólafsdóttir**[1], **Kári Kristinsson**[2]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Rannsóknir erlendis hafa leitt í ljós verulega neikvæð áhrif ýmis konar smánar (e. stigma) á möguleika einstaklinga og hópa á því að verða fullgildir meðlimir í samfélaginu. Þannig hafa rannsóknir á sviði afbrotafræði leitt í ljós að tækifæri einstaklinga sem fengið hafa á sig afbrotastimpil eru mun lakari en óstimplaðra, sér í lagi á vinnumarkaði. Svipaða sögu má segja um áhrif smánar á möguleika þjóðernisminnihluta eða innflytjenda; smán virðist iðulega skerða tækifæri þeirra á vinnu og húsnæðismarkaði. Enn fremur hafa einstaka rannsóknir gefið vísbendingu um að afbrotasmán og innflytjendasmán kunni að skarast þannig að minnihlutastaða magni upp útskúfunaráhrif afbrotasmánar. Um er að ræða málefni sem er að mestu leyti órannsakað hérlendis. Í erindi okkar verður þetta málefni rannsakað með tilraunasniði. Um er að ræða persónulýsingarannsókn (e. vignette study) sem framkvæmd var á fullorðnum Íslendingum fyrr á þessu ári. Rannsóknin gefur einstakt færi á að svara því hvernig einstaklingar hérlendis bregðast við einstaklingum eftir því 1) hvort viðkomandi hefur fengið dóm fyrir afbrot og 2) hvort viðkomandi sé af erlendum uppruna. Niðurstöður munu gefa sterkar vísbendingar um hvort og hvernig smán dregur úr lífsmöguleikum (e. life-chances) téðra hópa hérlendis.

## Viðhorf Íslendinga til geðsjúkdóma: Félagsleg fjarlægð og stimplun gagnvart þunglyndi og geðklofa 2006–2025

Kári Kristinsson[1], Sigrún Ólafsdóttir[2], Jón Gunnar Bernburg[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Félagsfræði

Þrátt fyrir að umræða um geðheilbrigði hafi orðið opnari á síðustu tveimur áratugum endurspeglast sú þróun ekki í viðhorfum til allra geðsjúkdóma. Í þessari rannsókn er könnuð félagsleg fjarlægð og stimplun gagnvart einstaklingum með annars vegar þunglyndi og hins vegar geðklofa. Byggt er á könnunum frá árunum 2006, 2022 og 2025 þar sem Íslendingar tóku afstöðu til þess hversu reiðubúnir þeir væru til að samþykkja fólk með þessar greiningar í ýmis félagsleg hlutverk – sem nágranna, samstarfsmann, vin, tengdasystkini eða í umönnun barna. Niðurstöðurnar sýna að fordómar gagnvart þunglyndi hafa minnkað verulega á tímabilinu. Í dag er mun algengara en árið 2006 að fólk sé tilbúið til að eiga í nánum tengslum við einstaklinga sem glíma við þunglyndi. Þetta má túlka sem afleiðingu aukinnar vitundarvakningar og umræðu um algeng geðræn vandamál og sterkari tengsla almennings við þekkingu á meðferð og bataferlum. Þróunin er hins vegar önnur þegar kemur að geðklofa. Fordómar gagnvart einstaklingum með geðklofa hafa lítið breyst og félagsleg fjarlægð er enn veruleg. Sérstaklega áberandi er tregða til að samþykkja einstaklinga með geðklofa í nánustu hlutverk, svo sem fjölskyldutengsl eða umönnun barna. Þetta bendir til að þrátt fyrir aukna umræðu um geðheilbrigðismál hafi stimplun og ótti gagnvart einstaklingum með geðklofa haldist nánast óbreyttur. Rannsóknin varpar ljósi á að ekki er hægt að tala um almenna afstimplun geðsjúkdóma, heldur er hún mismunandi eftir greiningum. Hún undirstrikar mikilvægi markvissra aðgerða til að draga úr fordómum gagnvart alvarlegri og sjaldgæfari geðsjúkdómum, þar sem stimplun hefur verulegar félagslegar afleiðingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

## Minnkar bati fordóma?

Sigrún Ólafsdóttir[1], Kári Kristinsson[2], Jón Gunnar Bernburg[1]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Stimplun gagnvart einstaklingum með geðsjúkdóma og fíknivanda er ein helsta hindrunin fyrir bata og félagslega þátttöku. Þó fyrri rannsóknir hafi sýnt fram á víðtæk neikvæð viðhorf, er minna vitað um hvaða hlutverk frásagnir af bata gegni í mótun slíkra viðhorfa. Í þessari rannsókn er byggt á íslensku fordómarannsókninni 2025 til að kanna hvort lýsingar á bata dragi úr félagslegri fjarlægð gagnvart einstaklingum með geðklofa, áfengisfíkn eða heróínfíkn. Gögnum var safnuð með þjóðarúrtaki úr netpaneli (N=1.755). Þátttakendum fengu tilvikalýsingar þar sem sögupersóna hafði eitt af þessum þremur vandamálum, með eða án viðbótarupplýsinga um bata. Félagsleg fjarlægð var mæld með átta atriða kvarða, og niðurstöður greindar með aðhvarfsgreiningum (OLS) sem stjórnuðu fyrir einkennum tilvikalýsinga og lýðfræðilegum breytum svarenda. Niðurstöðurnar sýna að lýsingar á bata minnkuðu félagslega fjarlægð marktækt í öllum tilvikum. Áhrifin voru mest fyrir áfengisfíkn (33% minnkun), síðan heróínfíkn (23%) og minnst fyrir geðklofa (8%). Frásagnir af bata breyttu einnig hlutfallslegri stöðu vandanna: þótt áfengisfíkn hafi upphaflega verið meira stimpluð en geðklofi, voru einstaklingar í bata frá áfengisfíkn metnir jákvæðari en þeir sem höfðu náð bata frá geðklofa. Tilvikalýsingar með kvenkyns persónum leiddu til minni félagslegrar fjarlægðar, en áhrif lýðfræðilegra breyta svarenda voru takmörkuð og óstöðug. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að nota batamiðaðar frásagnir til að draga úr fordómum, sérstaklega í tengslum við fíknivanda. Opinber vitundarvakning sem leggur áherslu á árangursríka meðferð og bata getur reynst sérstaklega árangursrík í samhengi eins og á Íslandi, þó að mikilvægt sé að sérsníða nálgunina eftir tegund vandamáls.

# Fólk-staðir-reynitré: Frásagnir, minni og merking I

## Gamlar leiðir í Borgarfirði og sögurnar sem þær segja

**Einar Skúlason**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Rannsóknin fjallar um gamlar þjóðleiðir í Borgarfirði á Vesturlandi og þær sögur og merkingar sem tengjast þeim. Þjóðleiðir voru um aldir mikilvægar tengingar milli byggðarlaga en lifa nú áfram sem hluti af menningararfi og landslagi. Í þessari rannsókn er horft til þess hvernig slíkir staðir bera með sér munnmælasagnir, þjóðtrú og trúarlegar hugmyndir og hvernig upplifun þeirra mótast af árstíðum, birtu, myrkri og náttúruöflum. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á hvernig þjóðleiðir milli dala vekja tilfinningar og hrif í samtímanum og hvernig þær miðla sögum um samfélag, minningar og tengsl fólks við landið. Rannsóknarspurningin beinist að því hvernig staðaráhrif, sagnir og landslag fléttast saman í upplifun ferðalags um þessar leiðir. Aðferðin byggist annars vegar á viðtölum við íbúa og fyrrverandi íbúa svæðisins sem hafa þekkingu á leiðunum og samfélögunum fyrr og nú, og hins vegar á sjálfsetnógrafíu þar sem rannsakandi gengur sjálfur fimm valdar leiðir, skráir upplifun með ljósmyndum, upptökum og dagbókarfærslum og ber saman upplifun í birtu og myrkri. Helstu niðurstöður benda til þess að þjóðleiðirnar séu ekki aðeins ferðaleiðir heldur mikilvæg undirstaða tengsla bæði menningar- og félagslega auk þess áhrifavaldur í samvinnu milli bænda. Þá eru gömlu leiðirnar einnig minnisstaðir sem tengja fortíð og nútíð og sýna hvernig landslag og saga móta sameiginlega reynslu.

## Strandasögur – kortlagning og vettvangsathugun

**Jón Jónsson**

Háskóli Íslands, Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa

Síðustu þrjú ár hefur viðamikið verkefni um örnefni, landslag og sagnir verið í gangi norður á Ströndum, með stuðning frá þýska rannsóknasjóðnum. Dr. Matthias Egeler hefur haft umsjón með verkefninu, en þjóðfræðingar á Rannsóknasetri HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofu hafa unnið með honum að verkefninu sem snýst um að kortleggja þjóðsagnaarf tveggja hreppa, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps. Þetta er gert með hjálp örnefnaskráa, viðtala og margvíslegra annarra heimilda. Skrifborðsvinnunni er svo fylgt eftir með vettvangsrannsókn þar sem teknir eru gps-punktar og ljósmyndir af stöðunum, sem eru um leið skoðaðir frá ólíkum sjónarhornum og reynt að greina samhengi og mynstur í staðanöfnum, sögum og nýtingu staðanna á ólíkum tímum. Rannsóknasvæðið er afar áhugavert, að hluta til vegna ríkulegs þjóðsagnaarfs sem er mjög svo samtvinnaður landslaginu. Einnig er mikill breytileiki á svæðinu með aðgengi að fróðleik, þar sem búskaparhættir hafa breyst mikið og sumar jarðirnar farið í eyði á síðustu áratugum og aðrar breyst í sumardvalarstaði. Þetta gefur oft tækifæri til að skoða varðveislu og samspil sagna og landslags, hvernig örnefni og sögur varðveitast, þróast og breytast, en líka hvernig þekkingin tapast með breytingum.

## Skynjun einstaklinga á návist framliðinna

**Kristín Dögg Kristinsdóttir**, **Þórunn Valdís Þórsdóttir**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Þjóðtrú á Íslandi hefur tekið örum breytingum undanfarin ár. Það sést meðal annars vel á þjóðtrúarkönnun sem send hefur verið út þrisvar sinnum. Fyrst af Erlendi Haraldssyni prófessor í sálfræði árið 1974, af Erlendi og Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði á árunum 2006-7 og af Terry í samstarfi við Félagsvísindastofnun 2023. Könnunin gefur góða innsýn í hversu mörg hafa reynslu af þessum fyrirbærum, en það var mikil þörf á að kafa dýpra og safna upplýsingum um hvernig þessi reynsla lýsir sér. Til þessa fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Í sumar var því framkvæmd viðtalsrannsókn með það að markmiði að auka skilning á upplifunum og reynslu Íslendinga af hinu yfirnáttúrulega. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir og viðtöl tekin við 22 einstaklinga. Í þessu erindi er sjónum sérstaklega beint að því hvernig viðmælendur upplifa að finna fyrir návist framliðinna, hvernig þau skynjuðu návistina og tengsl þeirrar upplifunar við skilgreiningar á hugtökunum „trú" og „yfirnáttúra". Þetta eru þær spurningar sem rannsóknin svarar. Helstu niðurstöður sýna að skynjun fólks á hinum framliðnu er fjölbreytt. Stundum er það lykt sem fólk tengir við einhvern nákominn sér sem er látinn, stundum finnur fólk fyrir hinum látna án nokkurrar skýringar og sum hreinlega tala og eiga í samskiptum við framliðna. Flest viðmælenda okkar eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við þessa upplifun og finnst hún eðlileg. Þá var einnig áhugavert að heyra hversu misjafnt var hvort viðmælendum þætti þetta yfirnáttúrulegt eða einmitt eðlilegur hluti af umhverfi sínu.

## ”Í kirkjugörðum heimsins ...”: Staðartengsl og viðhorf til kirkjugarða

**Dagrún Ósk Jónsdóttir**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Í erindinu er sagt frá rannsókn sem byggir á eigindlegum viðtölum sem tekin voru við einstaklinga sem hafa velt fyrir sér hvernig þau vilja að staðið verði að útför og greftrun eftir þeirra dag. Mörg viðmælenda minna hafa fastmótaðar skoðanir á því hvar þau vilja hvíla eftir andlátið. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvað hefur áhrif á hugmyndir þeirra þess efnis, en það eru meðal annars ákveðin staðartengsl og tengsl við annað fólk. Í viðtölunum er einnig komið inn á heimsóknir viðmælenda í kirkjugarða, sem og viðhorf þeirra til þessara staða, um það verður sérstaklega fjallað í erindinu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að viðhorfin til kirkjugarða eru fjölbreytt. Kirkjugarðar og grafreitir eru staðir sem eru þrungnir merkingu sem getur verið mjög einstaklingsbundin. Viðhorf fólks til þeirra eru ólík og oft miklar tilfinningar bundnar við þá og heimsóknir þangað. Garðarnir eru skýrt afmörkuð svæði sem heimsótt er í margvíslegum tilgangi sem mótast af þessum viðhorfum og er einnig fastbundið hefðum og siðum. Margt fólk heimsækir kirkjugarða til að fara að leiði látinna ástvina sem þar hvíla, fer með blóm eða jólaljós. Sum upplifa kyrrð og frið í kirkjugörðum, en hjá öðrum eru tilfinningar blendnar og jafnvel vekja þeir óhug. Langflest endum við auðvitað í kirkjugarði eftir okkar dag, nema þá ef að ösku okkar er dreift á víðavangi.

# Neytendur: Netverslun og húsnæðisgallar

## Gallar í nýbyggðum fjölbýlishúsum: Umfang, ábyrgð og eftirlit

**Stefán Hrafn Jónsson**[1], **Már Mixa**[2], **Víðir Smári Petersen**[3], **Eyþór Rafn Þórhallsson**[4], **Breki Karlsson**[5], **Arnar Eggert Thoroddsen**[1]

[1] Háskóli Íslands, FMÞ
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[3] Háskóli Íslands, Lagadeild
[4] Háskólinn í Reykjavik, Tæknifræðideild
[5] Neytendasamtökin

Í rannsókninni er lagt mat á eðli og umfang galla í nýbyggðum fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu og hvernig ábyrgðar- og eftirlitskerfi virka í framkvæmd. Byggingargallar hafa lengi verið til umræðu á Íslandi. Rannsóknin, sem styrkt er af Aski – mannvirkjarannsóknasjóði hjá HMS, byggir annars vegar á símakönnun meðal fulltrúa eigenda íbúða í fjölbýlishúsum byggðum árin 2014, 2018 og 2022 og hins vegar á rýniviðtölum við sérfræðinga í byggingariðnaði. Niðurstöðurnar sýna að varla er til nýbyggt fjölbýlishús án galla. Um 40% húsfélaga hafa þegar þurft að bera kostnað við viðgerðir á nýjum húsum og fjöldi mála er enn óleyst, þrátt fyrir að yngstu húsin hafi verið reist árið 2022. Greinilegur munur er á stöðu eigenda eftir aðstæðum: leigufélög sem byggja sjálf hafa yfirburði, þar sem þau geta valið trausta verktaka og ráðið sérfræðinga til eftirlits, en hinn almenni kaupandi hefur hvorki aðgang að sömu upplýsingum né úrræðum til að verja hagsmuni sína. Sum byggingarfyrirtæki sýna ábyrgð og bregðast við kvörtunum, en í öðrum tilfellum þurfa kaupendur að hafa mikið fyrir því að ná fram úrbótum eða greiða umtalsverðar upphæðir vegna galla sem rekja má til mistaka eða óvandaðra vinnubragða. Viðtöl við sérfræðinga benda til að eftirliti með byggingaframkvæmdum sé víða ábótavant, notkun staðla og eftirfylgni með vönduðum vinnubrögðum sé ekki tryggð og viðurlög vegna brota séu veik. Margir telja að tómarúm hafi myndast þegar Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins var fyrst færð inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem síðar var lögð niður. Frumniðurstöður benda til að núverandi ábyrgðar- og eftirlitskerfi nýbygginga virkar ekki sem skyldi.

## Netverslun og gervigreind. Áhrif og möguleikar gervigreindar á viðskiptatryggð og þjónustuupplifun neytenda

**Haraldur Daði Ragnarsson**[1], **Hallfríður Elín Pétursdóttir**[2]

[1] Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild
[2] Háskólinn á Bifröst - BL, Viðskiptadeild - Hyundai

Gervigreind hefur á undanförnum árum orðið ein af drifkröftum tæknibreytinga. Hún hefur gjörbreytt því hvernig fyrirtæki eiga samskipti við viðskiptavini, með því að bjóða upp á sjálfvirk samskipti, dýpri greiningu á hegðun og möguleika á sérsniðinni þjónustu. Þrátt fyrir þetta virðist innleiðing gervigreindar í íslenskum netverslunum vera skrefi á eftir því sem gerist hjá erlendum keppinautum. Markmið rannsóknar var að skoða hvernig íslenskar netverslanir geta nýtt gervigreind til að bæta þjónustuupplifun neytenda og hvaða áhrif hún hefur á viðskiptatryggð þeirra. Notast við eigindlega aðferð með viðtölum við sérfræðinga í verslun og þjónustu og megindlega aðferð í formi spurningakönnunar meðal íslenskra neytenda til að svara rannsóknarspurningunum; Hvernig geta íslenskar netverslanir nýtt gervigreind til að bæta þjónustuupplifun neytenda?, Hvaða áhrif hefur gervigreind á viðskiptatryggð neytenda í íslenskum netverslunum? Helstu niðurstöður benda til þess að bil sé á milli sýnar sérfræðinga og upplifunar neytenda. Sérfræðingar leggja áherslu á mikilvægi persónusniðinnar þjónustu og trúa á gildi gervigreindar í að skapa sterkari tengsl við viðskiptavini. Neytendur leggja hins vegar mesta áherslu á hagnýta þætti eins og verð, afhendingartíma og virkni síunar og leitarkerfa. Persónusníðing virðist skipta neytendur litlu máli í daglegri upplifun. Þessar niðurstöður benda til þess að íslenskar netverslanir ættu að einblína á að nýta gervigreind til að bæta þá þætti sem neytendur meta mest, til dæmis með því að bæta leitarkerfi, stytta afhendingartíma og greina eftirspurn með forspárgreiningu. Með markvissri tækninýtingu geta netverslanir aukið bæði skilvirkni og ánægju viðskiptavina, sem aftur getur haft jákvæð áhrif á viðskiptatryggð og samkeppnishæfni þeirra á íslenskum markaði.

# Tímamót í rafrænni verslun: Frá búðargöngu til músarsmella - Hefur hegðunin haldist?

**Guðjón Helgi Egilsson**, **Gunnar Óskarsson**

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Covid 19 faraldurinn breytti neytendahegðun á örskömmum tíma og netverslun varð að nauðsyn frekar en vali. Þessi rannsókn skoðar hvort sú breyting hafi verið tímabundin eða markað upphaf að varanlegri umbreytingu í kauphegðun Íslendinga. Rannsóknin byggir á netkönnun sem framkvæmd var tæplega tveimur árum eftir afléttingu Covid-19 takmarkana. Könnunin var dreift í valda Facebookhópa og skilaði 414 fullgildum svörum. Könnunin innihélt 25 spurningar, bæði lokaðar og opnar. Spurt var um verslunarvenjur fyrir og eftir faraldurinn, og gögnin voru greind með lýsandi tölfræði og prófum til að meta hegðunarbreytingar. Niðurstöðurnar sýna breytingar í netverslun eftir vöruflokkum og varpa ljósi á áhrif ytri aðstæðna á kaupvenjur. Tölfræðin sýnir að fólk sem upplifði áhrif af faraldrinum breytti kauphegðun sinni á matvöru, fatnaði, skóm og húsgögnum á mælanlegan hátt. Þetta bendir til þess að áföll eins og heimsfaraldur geti haft varanleg áhrif á hvernig fólk verslar. Á sama tíma reyndist hegðun í raftækjum og afþreyingu stöðugri, sem gefur innsýn í hvað neytendur telja nauðsynlegt í óvissuástandi. Rannsóknin varpar ljósi á hvernig netverslun hefur þróast úr aukaleið í að verða óaðskiljanlegur hluti af daglegu lífi. Fyrirtæki sem aðlöguðu sig hratt að breyttum væntingum neytenda með notendavænum lausnum og traustri þjónustu náðu betri árangri. Rannsóknarniðurstöðurnar bjóða upp á hagnýtar ábendingar fyrir stjórnendur, stefnumótendur og fræðafólk um hvernig nýta megi breyttar forsendur stafrænnar verslunar. Þær leggja jafnframt áherslu á mikilvægi stafrænna innviða og aðgengis fyrir alla samfélagshópa.

# Stjórnun og stafræn umbreyting

## Hver er hinn nýi „íslenski stjórnandi“?

**Njörður Sigurjónsson**

Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindadeild

Hver er ímynd hins íslenska stjórnanda í samtímanum? Íslensk stjórnunarkenning hefur tekið ýmsum breytingum síðan fyrstu stjórnunarbækurnar voru gefnar út um 1780. Um og eftir aldamótin 2000 má segja að ríkt hafi gullöld íslenskrar stjórnunarkenningar en þá var íslenski stjórnandinn talinn meira skapandi, sveigjanlegri og framsýnni en aðrir. Skrifræðisskipulagi erlendra fyrirtækja var stillt upp sem andstæðu þess frumkvöðlaanda sem þótti einkenna íslenska vinnumenningu, og sá andi þótti kristallast í persónu hins skapandi viðskiptamanns sem var frjáls undan skrifræðinu samkvæmt þeirri viðteknu andstæðu skrifræðis og skapandi hugsunar. Samtíminn einkennist hins vegar af virðismati eftirhrunsáranna og alþjóðlegu endumati stjórnunarkenninga í ljósi tæknibreytinga og umhverfisáskorana. Hugrekki til að hafa áhrif (2023) eftir Höllu Tómasdóttur fellur vel að því sem Luc Boltanski og Ève Chiapello (2018) kalla „nýja anda kapítalismans“ – þar sem gagnrýni á „kerfið“ er innlimuð og siðferðileg gildi verða hluti af réttlætingavinnu stjórnunar. Verkefnaskipulögð netkerfi, sjálfbær þróun, laustengd störf án staðsetningar og fljótandi tími kalla á annars konar stjórnendur sem hafa sveigjanleika til að vera til staðar og „persónulegt auðmagn“ til að miðla í gegnum þjónandi forystu. Rannsóknin byggir á textagreiningu íslenskra stjórnunarrita og greina frá 18. öld til samtímans. Hún nýtir aðferðafræði gagnrýninnar hugmyndasögu og pragmatískrar félagsfræði Boltanski og Thévenot (1991) um réttlætingar og virðisheima (orders of worth) til að sýna hvernig ímynd hins íslenska stjórnanda er sífellt endurmótuð í takt við nýjar réttlætingar og gildi.

# Áskoranir og tækifæri í stafrænu umbreytingarferli hins opinbera á Íslandi

**Þröstur Ólafur Sigurjónsson**[1], **Svala Guðmundsdóttir**[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptadeild
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Rannsóknin fjallar um áskoranir við innleiðingu stafrænna lausna stórrar opinberrar íslenskrar stofnunar. Gögn eru byggð á könnun sem safnað var frá 150 starfsmönnum í nokkrum undirstofnunum stofnunarinnar í maí og júní 2025. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hindranir og áskoranir út frá stjórnskipulagi í slíkri innleiðingu. Þær undirstrika enn fremur mikilvægi skýrrar forystu, stefnumótunar og fjármagns til að tryggja framgang lykilþátta. Þá eru lykilþættir til árangurs skýr stuðningur frá æðstu stjórnendum og góð samþætting við stefnu stjórnvalda í stafrænum málum. Eigindleg svör úr viðtölum, sem fylgdu í kjölfar könnunar, sýna sterkan vilja starfsmanna til að halda jafnvægi milli stafrænnar nýsköpunar og persónulegrar þjónustu. Margir lögðu áherslu á að þó sjálfvirkni og stafræn sjálfsþjónusta viðskiptavina sé mikilvæg, þá sé persónuleg þjónusta enn nauðsynleg, einkum þar sem viðkvæmir einstaklingar og aldraðir einstaklingar eiga í hlut. Áhyggjur eru af hraða breytinganna, ófullnægjandi þjálfunar og mismunandi stafrænum undirbúningi milli undirstofnana. Einnig mátti greina efasemdir um tegund breytingastjórnunar þar sem bent var á að árangur krefðist ekki aðeins lausna á sviði tækni heldur einnig menningarlegrar aðlögunar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það þurfi við breytingar með því að koma á fót miðlægum aðila sem fylgist með framkvæmd, miðlar þekkingu og tryggir jafnræði í dreifingu fjármagns milli stofnana. Þá þarf að bjóða þjálfun til að efla starfsfólk og draga úr hugsanlegri mótstöðu. Enn fremur þarf að byggja árangursmælikvarða og matskerfi á endurgjöf starfsmanna sem starfa í framlínu. Með þessum aðgerðum ættu stofnanir betur að geta stýrt umbreytingum sem miða að stafrænum lausnum.

## Stjórnendur í sviðsljósinu: breytingastjórnun í íslenskum leikhúsum

Svala Guðmundsdóttir[1], Þröstur Ólafur Sigurjónsson[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptadeild

Þessi rannsókn fjallar um breytingastjórnun í íslenskum leikhúsum. Hún byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem skoðað er hvernig stjórnendur íslenskra leikhúsa takast á við flókið rekstrarumhverfi sem mótast af áhrifum opinberrar stjórnsýslu, óstöðugum tekjustraumum, stafrænum breytingum og breyttum væntingum hagaðila til leikhúsa. Rannsóknin byggir á hálfopnum viðtölum við listræna stjórnendur og aðra æðstu stjórnendur íslenskra leikhúsa. Viðtölin tóku yfir þemun fyrstu dagarnir í starfi nýs stjórnanda leikhúss, að stýra tilfinningum og andstöðu við breytingar, að byggja traust með samskiptum og samvinnu og að festa sýn í framkvæmd breytinga. Niðurstöður benda til þess að árangursrík breytingastjórnun í íslenskum leikhúsum byggist á skipulagi sem styður við samvinnu, sálfræðilegt öryggi og skýra sameiginlega ábyrgð starfsmanna leikhúsa. Samvinna við opinbera stjórnsýslu á stefnumótunarstigi, samfella í því að læra af reynslu og skilvirkir ferlar reynast enn fremur lykilatriði til árangursríkra breytinga. Minni og meðalstór leikhús glíma við kerfisbundnar hindranir þegar kemur að stjórnun breytinga vegna skorts á slagkrafti stærðar og mikillar samkeppni. Framlag þessarar rannsóknar er bæði til fræðilegrar og hagnýtrar umræðu, með því að varpa ljósi á lykilþætti til árangursríkrar breytingastjórnunar í umhverfi leikhúsa.

## Tvíþætt áhrif gervigreindar á forystu í verkefnastjórnun

Hanna Kristín Skaftadóttir[1], Þórður Víkingur Friðgeirsson[2]

[1] Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild
[2] Háskólinn í Reykjavík, Verkfræðideild

Markmið rannsóknarinnar er að kanna bæði björtu og dökku hliðar gervigreindar í verkefnastjórnun og varpa ljósi á þau svið þar sem tæknin getur styrkt en ekki komið í stað mannlegrar hæfni í stjórnun og þróun teymis. Byggt er á fræðilegri yfirlitsrannsókn ásamt spurningakönnun meðal 99 fagfólks í verkefnastjórnun (útskrifaðra úr MPM námi). Notaður var fjögurra stiga Likert kvarði til að meta væntingar um tíu lykilþætti teymisstarfs; áreiðanleiki mælinga var mikill (Cronbach's $\alpha$ = 0,89). Niðurstöður eru túlkaðar út frá SCARF líkaninu. Svarendur telja að gervigreind geti eflt rökstudda ákvarðanatöku, skapandi lausnaleit, sjálfstæði og viðbrögð við ófyrirsjáanlegum aðstæðum. Þeir eru hins vegar efins um að tæknin geti aukið samkennd, gæði samskipta, viðurkenningu eða réttlæti. Ávinningur tengist helst þáttum SCARF sem lúta að vissu og sjálfstæði, en áhættur raðast við tengsl og réttlæti. Hagnýt áhrif fela í sér að samhliða gervigreind verði að tryggja mannlega aðkomu, skýran rekjanleika og hlutleysispróf, auk þess sem fjárfesta þarf í innviðum til að efla samkennd, ágreiningstjórnun og inngildandi vinnumenningu. Samfélagslega gæti ómeðvituð hönnun aukið ójöfnuð og veikt félagsleg tengsl; stjórnsýsla og endurmenntun eru lykilatriði. Nýjung rannsóknarinnar liggur í samþættingu SCARF líkansins við PMBOK greiningu og skýrum leiðbeiningum um manneskjumiðaða gervigreind í verkefnum.

## Áskoranir stafrænnar umbreytingar: Menningarlegar og tæknilegar

Davíð Sævarsson[1], Eðvald Möller[2]

[1] VÍS
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Þessi rannsókn fjallar um hvernig veikleikar í stafrænum umbreytingarferlum hafa áhrif á frammistöðu fjármálafyrirtækja. Sérstök áhersla er lögð á stefnumarkandi skýrleika, skuldbindingu leiðtoga, þátttöku starfsmanna, arfleifðartölvukerfi og reglugerðartakmarkanir. Markmið rannsóknarinnar er að kanna reynslu og sýn íslenskra fjármálastjórnenda á helstu hindranir sem mæta í stafrænum umbreytingarverkefnum og greina lykil innri og ytri þætti sem hafa áhrif á árangur eða misheppnun. Beitt var eigindlegri, fyrirbærafræðilegri aðferðafræði og tekin voru hálfopnuð viðtöl við níu stjórnendur úr ýmsum fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Þemagreining leiddi í ljós að hefðbundnir árangursþættir - skýr stefna, sterk forysta og þátttökumenning - eru nauðsynlegir, en virkni þeirra ræðst að miklu leyti af ytri aðstæðum, einkum sveigjanleika reglugerða og takmörkunum arfleifðartölvukerfa. Rannsóknin leggur til blandað umbreytingarlíkan sem sameinar innri árangursþætti og stofnanalegar skorður. Rannsóknin víkkar út fræðilega þekkingu á stafrænum umbreytingum með því að leggja áherslu á kerfislæg og umhverfisleg áhrif. Í hagnýtum skilningi veitir rannsóknin mikilvæga innsýn fyrir fjármálafyrirtæki, þar sem lögð er áhersla á nútímavæðingu eldri kerfa, reglugerðarsveigjanleika og stöðugt nám sem lykilþætti umbreytingar. Takmarkanir rannsóknarinnar liggja í landfræðilegri áherslu á Ísland og því að hún byggir á sjónarmiðum stjórnenda. Aðlagaða líkanið býður þó upp á yfirfæranlegt módel fyrir önnur smærri og strangt reglugerðarbundin fjármálamarkaði í stafrænum umbreytingarferlum.

## Krísustjórnun: Rýming Grindavíkur 10. nóvember 2023.

Hólmfríður Sigurðardóttir[1], Eðvald Möller[2]

[1] Háskóli Íslands, Fjármálasvið
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Þessi rannsókn skoðar snögga rýmingu Grindavíkur 10. nóvember 2023, með það að markmiði að skilja hvernig umhverfismerki, boðskipti stofnana og samfélagsnet móta ákvarðanir og afleiðingar rýminga. Beitt var blandaðri aðferðafræði sem sameinar spurningakönnun (n = 338) og sex ítarleg viðtöl til að varpa ljósi á hegðunarlegar, skipulagslegar og tilfinningalegar víddir á einstaklings-, stofnana- og samfélagsstigi. Niðurstöður sýna að 71% íbúanna yfirgáfu bæinn áður en opinber skipun var gefin, einkum vegna jarðskjálftatitrings og sjáanlegra skemmda á vegum. Ósamræmd eða mótsagnakennd upplýsingagjöf dró þó úr trausti til yfirvalda og afhjúpaði misræmi milli skjalfestra áætlana og raunverulegs viðbúnaðar, meðal annars vegna skorts á stórum æfingum. Fræðilega er rýmingin sett fram sem flókið aðlögunarkerfi þar sem „sameiginlegt traust“ tengir áhættumerki, upplýsingaflæði og félagslega samheldni við verndandi aðgerðir. Í framkvæmd leggjum við til sameinaðar og trúverðugar boðleiðir, reglulegar sviðsæfingar, markvissan stuðning við viðkvæma hópa og langtímastuðning fyrir andlega heilsu. Þótt rannsóknin byggi á Íslandi er fræðirammann og niðurstöðurnar hægt að yfirfæra á smærri samfélög sem búa við mikla hættu, svo sem eyjasamfélög og sjávarþorp, sem standa frammi fyrir snöggum vá og takmörkuðum flóttaleiðum. Málið eykur skilning á stjórnun neyðarástands, áhættusamskiptum og seiglu samfélaga, á sama tíma og það veitir hagnýta leiðsögn fyrir samfélög á hættusvæðum víða um heim.

## Traust, samskipti og markmið: Verkefnavinna í ólíkum verkefnaumhverfum

Guðrún Ósk Ólafsdóttir[1], Eðvald Möller[2]

[1] Landsbankinn, Fjármálasvið
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Rannsóknin skoðar hvernig verkefnaumhverfi mótar teymisvinnu í fjármálastofnunum með tilvísun í líkön Lencioni um teymisveikleika og stigakenningu Tuckman um þróun hópa. Sérstaklega er fjallað um upplifun starfsmanna Landsbankans af verkefnavinnu í selluumhverfi, þar sem teymin starfa saman í sameiginlegu vinnurými, í samanburði við hefðbundna verkefnavinnu innan deilda. Markmiðið var að kanna hvort lykilþættir árangursríkrar teymisvinnu – traust, samskipti, skýr markmið og stuðningur – haldist við ólíkar aðstæður. Beitt var eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru níu hálfopin viðtöl við starfsmenn sem höfðu reynslu af báðum verkefnaformum. Gögnin voru greind með þemagreiningu sem leiddi í ljós mynstur tengd samskiptum, liðsheild, fókus og verkefnaferlum. Niðurstöður sýna að í sellum myndast sterkari teymisandi, skýrari markmið, hraðara upplýsingaflæði og aukið traust. Í hefðbundnu verkefnaumhverfi eru samskipti dreifðari, ábyrgð einstaklingsbundnari og sameiginleg sýn daufari. Fræðilegt framlag rannsóknarinnar felst í að varpa ljósi á hvernig skipulag verkefna getur stutt eða hamlað þróun teyma í ljósi kenninga Lencioni og Tuckman. Hagnýtt framlag er að benda á umbótatækifæri, meðal annars með því að styrkja verklok og þróa „mini-sellur“ fyrir smærri verkefni. Takmarkanir rannsóknarinnar eru tengdar litlu eigindlegu úrtaki og einni stofnun. Þrátt fyrir það gefa niðurstöðurnar mikilvægar vísbendingar sem yfirfæra má á aðrar skipulagsheildir í fjármálageiranum og víðar þar sem skilvirk teymisvinna og verkefnastjórnun eru lykilatriði.

## Skilvirkara verklag í heilbrigðisþjónustu

**Guðrún Kristín Jóhannsdóttir**[1], **Eðvald Möller**[2]

[1] Gallup, Fjármálasvið
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Rannsóknin beinir sjónum að stjórnun og nýtingu hjólastóla á Fossvogsspítala með það að markmiði að greina flöskuhálsa, sóun og umbótatækifæri í daglegu verklagi heilbrigðisstarfsmanna. Hjólastólar gegna lykilhlutverki í sjúklingaflutningum og eru þannig ómissandi þáttur í skilvirku og öruggri starfsemi Landspítala. Skortur á aðgengilegum hjólastólum, ómarkviss skráningarkerfi og óljós ábyrgðarskipting hafa þó skapað rekstrarlegar hindranir sem draga úr þjónustugæðum og auka álag starfsfólks. Beitt var eigindlegri, fyrirbærafræðilegri aðferðafræði með hálfopnum viðtölum við starfsmenn úr ólíkum deildum. Þemagreining dregur fram sex lykilviðfangsefni: skráningu og yfirsýn, viðhald og örugga notkun, pöntunarferla, samskipti milli deilda, skipulag innri ferla og umbótahugmyndir. Niðurstöður sýna að skortur á samræmdu ferlastjórnunarkerfi leiðir til sóunar á tíma, mannafla og fjármunum, einkum vegna óskýrra ferla og skorts á samhæfingu. Rannsóknin bendir til þess að innleiðing aðferða úr LEAN-ferlagreiningu, svo sem sjónræn stjórnun, skýr ábyrgðarskipting og rafræn skráning með RFID- eða QR-kóðum, geti stuðlað að bættri yfirsýn, aukinni nýtingu tækja og lágmörkun sóunar. Með því má styrkja sjúklingaöryggi, bæta vinnuumhverfi starfsfólks og tryggja hagkvæmari nýtingu fjármuna. Rannsóknin hefur bæði fræðilegt gildi – með því að tengja umbótatækifæri við þekkingu á ferlagreiningu í heilbrigðisþjónustu – og hagnýtt gildi fyrir Landspítala, þar sem hún býður upp á framkvæmanlegar lausnir sem geta leitt til sjálfbærrar þjónustubóta.

## Stafræn umbreyting

**Ída María Halldórsdóttir**

Íslandsbanki

Stafræn umbreyting hefur á síðustu árum orðið einn helsti drifkraftur þróunar í fjármálageiranum, þar sem ný tækni kallar á breytingar á viðskiptalíkönum, ferlum og menningu skipulagsheilda. Þessi rannsókn beinist að Íslandsbanka með það að markmiði að svara rannsóknarspurningunni: Hvernig hefur þróun og innleiðing stafrænnar umbreytingar mótað starfsemi bankans og hvernig upplifir starfsfólk hana? Rannsóknin byggir á blandaðri aðferðafræði. Eigindleg gögn voru fengin úr hálfopnum viðtölum við fimm starfsmenn sem hafa komið að umbreytingarferlinu, en megindlegum gögnum var aflað með spurningakönnun sem 113 starfsmenn Íslandsbanka svöruðu. Við úrvinnslu var beitt bæði lýsandi tölfræði og kí-kvaðrat prófum, auk þemagreiningar á viðtölum. Helstu niðurstöður sýna að stafræna umbreytingin hefur leitt til aukinnar sjálfvirknivæðingar, einföldunar ferla og betra aðgengis að þjónustu. Starfsfólk upplifir breytingarnar almennt jákvætt, einkum vegna aukinnar skilvirkni, sjálfstæðis og ánægju í starfi. Jafnframt benda niðurstöðurnar til tölfræðilega marktækra tengsla milli aukins sjálfstæðis og starfsánægju. Á hinn bóginn komu fram áskoranir sem lúta að hraða breytinga, þjálfun, upplýsingaflæði og breyttum samskiptamynstrum innan vinnustaðarins. Fræðilegt framlag rannsóknarinnar felst í að varpa ljósi á mannlega þætti stafrænnar umbreytingar í íslensku samhengi, þar sem slíkar rannsóknir eru af skornum skammti. Hagnýtt framlag snýr að mikilvægi breytingastjórnunar, stöðugrar fræðslu og virkrar þátttöku starfsfólks sem lykilforsendu farsællar innleiðingar í fjármálastofnunum.

# Fólk-staðir-reynitré: Frásagnir, minni og merking II

## Staðartengsl, sjálfsmynd og samfélag í miðborg Reykjavíkur

**Áki Guðni Karlsson**

Háskóli Íslands, Félags-, mann- og þjóðfræðideild

Rannsóknin felst í því að skoða þætti sem hafa áhrif á mótun staðartengsla í borgarumhverfi, þar á meðal sögur, minningar, og tengsl. Rannsóknin byggist á túlkun eigindlegra gagna frá HAUNTED-rannsóknarhópnum. Gögnin voru fengin með viðtölum, rýnihópum og sjálfsupptökum á göngu um borgarumhverfið. Viðmælendur lýstu því hvernig ólíkir staðir vekja hugrenningatengsl og vangaveltur um tengsl þeirra við umhverfið og tilfinningu fyrir því að tilheyra á tilteknum stað. Rannsóknin varpar ljósi á hvað skiptir ólíkt fólk mestu máli þegar kemur að upplifun þeirra af stöðum sem þau hafa sterk tengsl við. Þetta geta verið efnislegir hlutir eða þættir í borgarmyndinni, bæði stórir og smáir, hughrif sem vakna við að sjá breytingar og umrót, eða huglægar minningar, bæði góðar og slæmar. Rannsóknin dregur fram hvað staðartengsl geta verið fjölbreytt og persónuleg, og hvernig þau tengja saman fortíð, nútíð og framtíð. Gildi og hrif sem tiltekið umhverfi vekur tengjast þannig minningum þátttakenda og ástvina þeirra, ólíkum smekk og áliti á tilteknum stöðum, og væntingum eða ótta við breytingar. Vangaveltur þátttakenda snerust um minningar um horfna ástvini, horfin hús og götur, hugmyndir um kosti og galla tiltekinna breytinga, ljót og falleg hús, garða og gróður, stemningu og gildismat. Einn runni eða staur gátu verið tilefni fyrir persónulega sögu, eða rökræðu um framtíð borgarinnar. Rannsóknin sýnir fram á mikilvægi litlu hlutanna í borgarumhverfinu þegar kemur að því að mynda tengsl, en líka hvað staðartengsl eru oft persónuleg og tengjast sögu einstaklinga, fremur en því sem samfélagið kýs að draga fram sem minnismerki eða sérkenni.

## Hjartastaður - Staðartengsl, raddir og endurskilgreining menningarminjasafns

**Anna Sigríður Melsteð**

Anok margmiðlun

Menningarminjasöfn eru í dag bæði ferðamannastaðir og vettvangur þekkingarmiðlunar. Þau hafa þróast frá því að miðla fræðilegri þekkingu yfir í að virkja gesti til þátttöku á eigin forsendum og hafa þannig endurskilgreint hlutverk sitt í samfélaginu. Sú þróun hefur komið mörgum á óvart og breytingarnar, á stundum, reynst öðrum óásættanlegar. Árið 2019 var tekin ákvörðun um að endurnýja grunnsýningu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Í aðdraganda verksins var efnt til samráðs í héraði og niðurstaðan sú að leggja sérstaka áherslu á að endurspegla sögu og menningu stærra svæðis en áður og beina sjónum sérstaklega að lífi og reynslu ungs fólks á aldrinum 13–23 ára frá aldamótum 1900 til samtímans. Í sýningunni er staðartengslum Snæfellsness við alþýðumenningu og sögu svæðisins gert hátt undir höfði. Hún leysti af hólmi 24 ára gamla sýningu sem fjallaði að mestu um sögu safnhússins og íbúa þess í Stykkishólmi á 19. öld. Í erindinu verður fjallað um MA rannsókn sem unnin var í aðdraganda sýningarinnar og varð nokkurs konar höfuðstóll handrits hennar. Rannsóknin byggði á kortlagningu heimilda um sögu 20 aldar á Snæfellsnesi, eigindlegri viðtalsrannsókn við heimildafólk á svæðinu um sama efni auk þess sem megindlegar spurningakannanir fóru fram á samfélagsmiðlum. Í erindinu verður rýnt í áhrif rannsóknarinnar á aðra þætti sýningarinnar svo sem val á efnismenningu, hönnun og miðlun.

## ”Hreiður fyrir húsin”: Borgarumhverfi og náttúra

**Sigurlaug Dagsdóttir**

Háskóli Íslands, Félags-mannfræði og þjóðfræðideild

Í þessum fyrirlestri verður náttúran í borgarlandslagi Reykjavíkur tekin til umfjöllunar og greint frá því hvernig náttúra og borg eru samofin í upplifun fólks af miðborginni. Í gegnum eigindleg gögn, þar sem grafist var fyrir um margskonar tengsl fólks við miðborgina, kom í ljós að erfitt er að aðskilja fyrirbæri eins og gróður, blóm, fugla, ketti og grösuga bakgarða frá hinu byggða umhverfi. Öflun gagna fór fram með gönguviðtölum, upptökugleraugum og eftirfylgniviðtölum. Í niðurstöðunum er sýnt hvernig tré og annar gróður hefur áhrif á skynjun fólks á umhverfi borgarinnar sem merkiberar árstíða, kennileiti og minningarbærir staðir. Einnig er greint hvernig umhverfisþættir líkt og birta, umhverfishljóð og veður hefur áhrif á það hvernig borgarumhverfið er meðtekið og gert merkingarbært. Sjónum verður meðal annars beint að Hólavallagarði og fjölþættu hlutverki hans í tengslum fólks við miðborgina: sem grænn reitur sem veitir skjól frá skarkala borgarinnar, staður til að íhuga gang tímans en einnig staður látinna ástvina, ættingja og annarra sem fólk þekkir í gegnum frásagnir. Líkt og með aðra náttúru í borgarumhverfinu er náttúran í Hólavallagarði tengd minningum og menningarlegu og sögulegu samhengi. Niðurstaðan skýrir hvernig gróður og aðrir þættir hinnar lifandi náttúru í miðborg Reykjavíkur eru mikilvæg skynjun og upplifun fólks af svæðinu og skapa og viðhalda tilfinningatengslum við borgina. Fyrirlestur þessi er hluti stærra rannsóknarverkefnis, Haunted, sem fjallar um tengsl, minningar, upplifun og merkingarsköpun fólks í miðborg Reykjavíkur.

## Frásagnir og skynhrif í miðborg Reykjavíkur

**Ólafur Rastrick**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Allir kannast við að staðir geti kallað fram minningar um löngu liðna atburði. Að heimsækja æskuslóðir, sem ekki hafa verið sóttar heim lengi, getur á augabragði vakið ljúfsárar minningar um atvik og fólk. Í þessu erindi verður fjallað um samofið hlutverk skynrænnar upplifunar af stað og ýmiskonar atvikssagna í mótun tilfinningatengsla fólks við staði í eldri hluta Reykjavíkur, í miðborginni og aðliggjandi hverfum. Erindið byggir á gögnum sem aflað var á árunum 2022-2024 í rannsókn á aðdráttarafli byggingararfleifðar og staðartengslum í borgarlandslagi. Fylgst með viðbrögðum einstaklinga og hópa sem sendir voru á vettvang í miðborg Reykjavíkur. Notaðar voru mismunandi aðferðir við upptökum á hljóði og mynd, og við greiningu á viðbrögðum þátttakenda við hinu efnislega umhverfi. Alls tóku 80 manns þátt í rannsókninni á aldrinum 25-85 ára með góðri dreifingu milli kynja. Í erindinu verður rýnt annars vegar í þátt ígrundaðra viðbragða við umhverfinu og hins vegar þátt frásagnarinnar í að móta samband fólks og staða. Greiningin beinist að því hvernig þátttakendur í rannsókninni brugðust tilteknum stöðum í miðborginni með orðum og líkamlegri tjáningu, lýstu fyrri reynslu sinni af staðnum, miðluðu frásögnum og upplifun annarra og útskýrðu eiginleika og gildi þeirra staða sem þau kusu að heimsækja. Niðurstöðurnar sýna hvernig samsláttur orðs og æðis mótar og viðheldur tilfinningatengslum við tiltekna staði í borgarlandslaginu, og hvernig frásagnir og hversdagsleg upplifun staða stuðla að tilfinningu fólks um að tilheyra borginni og samsama sig samfélagi hennar.

# Hamfarir, krísur og áföll

## Eru íslensk heimili undirbúin fyrir hamfarir?

Guðný Björk Eydal, Ragnheiður Hergeirsdóttir

Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Íslenska almannavarnakerfið byggist á að virkja viðbragðsaðila og sjálfboðaliðasamtök þegar bregðast þarf við vá. Viðbragðsáætlanir eru því afar mikilvægar, bæði hjá stofnunum og heimilum. Í erindinu verður spurt hvort íslensk heimili hafi unnið áætlanir fyrir sitt heimilisfólk? Greinin byggir á niðurstöðum þriggja kannana þar sem spurt var um hvernig heimilisfólk hafði hagað viðbúnaði á sínu heimili. Mikilvægt var talið að afla gagna á ólíkum tímum til að kanna hvort heimilin hefðu lagt aukna áherslu á viðbragðsáætlanir í kjölfar hamfara. Fyrsta könnunin var framkvæmd árið 2015 og endurtekin í janúar 2020 en þá var bætt við spurningum um hvort heimilið hefði undirbúið sig fyrir inflúensufaraldur. Síðasta könnunin var unnið haustið 2024, eftir endurtekin eldgos á Reykjanesi. Þessi einstöku gögn gera okkur kleift að svara spurningunni um hvort íslensk heimili hafi undirbúið sig fyrir hamfarir og skapa þannig mikilvæga þekkingu á viðbúnaðarstigi heimila hérlendis. Í erindinu er alþjóðleg staða þekkingar á viðbúnaði heimila reifuð og að því búnu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á viðbúnaði heimila hérlendis. Þá verða niðurstöðurnar ræddar í ljósi stöðu þekkingar. Í ljós kom að mjög lítill hluti íslenskra heimila hefur gert formlega viðbragðsáætlun, en hæst varð hlutfallið 8% í könnuninni sem framkvæmd var 2024. Þá sögðu 28% viðmæla sitt heimil hafa íhugað viðbrögð, þó engin áætlun um þau hefði verið unnin og 64% viðmælenda sögðu viðbrögð heimilis við vá ekki hafa verið rædd.

# Að byggja brýr: áfallaáætlanir grunnskóla í ljósi vistfræðikenningarinnar - greining og framtíðarsýn -

**Þórdís Gísladóttir**

Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindadeild

Rannsóknin kannar hvernig áfallaáætlanir í grunnskólum Akureyrarbæjar endurspegla vistfræðikenningu Bronfenbrenner og hvernig skólar vinna með ólík kerfi þegar áföll verða. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig skólar nálgast áfallavinnu út frá heildstæðu sjónarhorni og greina tækifæri til úrbóta. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðarfræði þar sem tekin voru rýnihópaviðtöl við áfallateymi þriggja grunnskóla á Akureyri. Áfallaáætlanir fimm annarra skóla voru einnig greindar. Vistfræðikenning Bronfenbrenner myndaði fræðilegan ramma rannsóknarinnar og var notuð við hönnun spurningaramma og greiningu gagna. Niðurstöður sýna að skólarnir leggja áherslu á einstaklingsmiðaða nálgun sem tekur mið af þörfum nemenda (míkrókerfið), góða samvinnu við foreldra (mesókerfið) og samstarf við utanaðkomandi stofnanir (exókerfið). Hinsvegar er þörf á að skýra betur verkferla og samskipti milli kerfanna. Helstu áskoranir felast í viðbrögðum við nýjum tegundum áfalla, langtímaeftirfylgd með nemendum og samstarfi við fjölbreyttari hóp sérfræðinga. Rannsóknin bendir til mikilvægis þess að styrkja tengsl milli kerfa vistfræðilíkansins í áfallavinnu skóla. Tillögur að úrbótum fela í sér aukna þjálfun starfsfólks, skýrari verkferla í samskiptum við foreldra og stofnanir, og betri undirbúning fyrir stóra og óvænta atburði. Þá er lögð áhersla á að innleiða áfallamiðaðan skólabrag þar sem allt starfsfólk hefur grunnþekkingu á áföllum. Rannsóknin veitir þannig mikilvæga innsýn í hvernig grunnskólar geta nálgast áfallavinnu á heildstæðan hátt og stuðlað að velferð nemenda sem verða fyrir áföllum. Niðurstöður nýtast þannig við þróun áfallaáætlana og stefnumótun í skólastarfi.

# Seigla samfélaga eftir náttúruhamfarir - þáttur fjármálafyrirtækja

**Elín H Jónsdóttir**

Háskólinn á Bifröst, Lagadeild

Náttúruhamfarir geta haft áhrif á rekstur og afkomu fjármálafyrirtækja með beinum og óbeinum hætti. Með sama hætti kunna staða og viðbrögð fjármálafyrirtækja eftir náttúruhamfarir að hafa áhrif á efnahagslegan bata samfélaga og getu þeirra til endurheimtar. Bankar með hærra eiginfjárhlutfall standa betur af sér áhrif náttúruhamfara og eru þar af leiðandi í stöðu til að auka útlán til þeirra sem orðið hafa fyrir eignatjóni. Þá hafa rannsóknir sýnt að bankar með sterkari tengsl við samfélagið eru líklegri til að auka útlán sín til svæðisins eftir náttúruhamfarir. Náttúruhamfarir í og við Grindavíkurbæ síðla árs 2023 vegna eldsumbrota í Sundhnúkagígaröð kölluðu á viðbrögð lánveitenda þeirra sem þar áttu húsnæði. Gerður var samanburður á lagaumhverfi banka og lífeyrissjóða ásamt samanburði á afstöðu og viðbrögðum þeirra við náttúruhamförunum. Viðbrögð hvað varðaði uppkaup á fasteignum voru samræmd og unnin að frumkvæði og í samstarfi við ríkissjóð. Viðbrögð vegna bráðavanda Grindvíkinga með niðurfellingu vaxta og verðbóta voru samræmd af bönkum á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja en slík niðurfelling var ekki í boði hjá lífeyrissjóðum sem töldu sig ekki hafa lagaheimild til almennra afskrifta af vöxtum og verðbótum. Þannig buðu bankar úrræði sem voru umfram lagaskyldu en lífeyrissjóðir ekki nema að litlu leyti. Af hálfu lífeyrissjóðanna var lögð áhersla á hlutverk þeirra og skyldur gagnvart sjóðfélögum en bankar nefndu ekki með sama hætti skyldur sínar sem hlutafélög gagnvart hluthöfum. Viðbrögðin voru mismunandi og má velta fyrir sér áhrifaþáttum þess þ.m.t. nálægð við nærsamfélagið, hollustu við skjólstæðinga (lífeyrisþega), eignarhald banka, bakgrunn stjórnenda og áhrif almenningsálits.

## Skólastjórnendur sem framlínustjórnendur í COVID-19: Ábyrgð, svigrúm og ákvarðanataka í krísu

**Hjördís Sigursteinsdóttir, Margrét Sigríður Sigurðardóttir**

Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild

COVID-19 heimsfaraldurinn reyndi á opinber kerfi á heimsvísu, afhjúpaði bæði styrkleika og veikleika stofnana í viðbrögðum við fordæmalausri kreppu. Í íslenska skólakerfinu gegndu skólastjórnendur lykilhlutverki við framkvæmd opinberrar stefnu, þar sem stjórnvöld lögðu sérstaka áherslu á að halda leik- og grunnskólum opnum eins lengi og unnt var. Þrátt fyrir sóttvarnartakmarkanir eins og hólfaskiptingu, fjöldatakmarkanir og tímabundnar lokanir var markmiðið að lágmarka truflun á námi og félagslífi barna. Við þessar aðstæður þurftu skólastjórnendur að túlka og innleiða hratt breytilegar reglur og tryggja áframhaldandi starfsemi skóla á meðan faraldurinn þróaðist milli bylgna. Markmið rannsóknarinnar var að greina viðbrögð skólastjórnenda við COVID-19 út frá sjónarhorni opinberrar stjórnsýslu og ábyrgðar. Sérstök áhersla var lögð á hlutverk þeirra sem framlínustjórnenda í krísustjórnun, samhæfingu stefnu og framkvæmd félagslegrar ábyrgðar innan opinberrar þjónustu. Tekin voru einstaklingsviðtöl til 10 skólastjórnendur, sex leikskólastjóra og fjóra grunnskólastjóra, til að varpa ljósi og reynslu skólastjórnenda út frá þeirra eigin sjónarhorfni. Viðmælendur voru valdir með tilgangsúrtaki til að tryggja að viðmælendur hefðu beina og persónulega reynslu af rannsóknarefninu. Niðurstöðurnar sýna að skólastjórarnir upplifðu sig hafa farið langt út fyrir hefðbundna faglega skólastjórnun og helsta áskorunin fólst í því að tryggja daglegt skólastarf með nýjum aðferðum og verja hagsmuni nemenda, starfsfólks og samfélags. Þetta krafðist ákvarðana við óljósar og síbreytilegar aðstæður, oft með takmarkaðar upplýsingar og ófullkomnar leiðbeiningar frá yfirvöldum. Skólastjórnendur báru meðal annars ábyrgð á smitrakningu og ákvörðunum um sóttkví, á sama tíma og þeir glímdu við aukna fjarveru starfsfólks, stöðuga óvissu og hættu á að nemendur drægjust aftur úr í námi.

## Hlutabréfamarkaðir, gengisáhætta, eignastýring og heilbrigðistryggingar

### Opinberar heilbrigðistryggingar, grunnstoð velferðarþjóðfélagsins

**Þórólfur Geir Matthíasson**

Háskóli Íslands, Hagfræðideild

Tilgangur þessarar greinar er að svara spurningunni hvort það skipti máli fyrir almannaheill hvort fyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu séu rekin af hinu opinbera eða öðrum. Rök eru leidd að því að mestu skipti að aðgangur að þjónustunni sé öllum opinn og að þjónustan sé fjármögnuð með sköttum eða skyldutryggingum. Framboð varnings og þjónustu á heilbrigðis- og tryggingamörkuðum er svar við eftirspurn einstaklinga og fjölskyldna eftir góðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu og fjárhagslegu öryggi. Hvorutveggja kann að vera ógnað í kjölfar líkamlegra eða efnislegra óhappa eða áfalla. En sá galli er á gjöf Njarðar að markaðir fyrir heilsu og fjárhagslegt öryggi einkennast öðrum mörkuðum fremur af óskilvirkni og markaðsbrestum. Markaðsbrestina á heilbrigðis- og tryggingarmörkuðum má rekja til hrakvals, freistni og upplýsingaójafnvægi milli markaðsþátttakenda. Dæmi eru um að afleiðingar þessara markaðsbresta séu svo alvarlegar að ekki sé grundvöllur fyrir verslun með viðkomandi þjónustu, jafnvel þó til staðar séu stórir hópar neytenda sem væru tilbúnir að kaupa þjónustuna á verði sem dygði til að greiða allan framleiðslukostnað. Með skyldutryggingu er skorið á hrakvalsvandann þar sem enginn getur skorast undan þeirri kvöð að kaupa þesshattar tryggingu. Skyldutryggingu má fjármagna með almennum skatttekjum hins opinbera eða með iðgjöldum sem innheimt eru samhliða innheimtu tekjuskatts, eða með hefðbundnum iðgjöldum innheimtum af einkareknu tryggingafélagi.

### Afkomuviðvaranir skráðrá félaga á Íslandi

Árni Claessen[1], **Gunnar Kristjánsson**[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræði

Í þessari rannsókn verður reynt að varpa ljósi á við hvaða aðstæður skráð félög á íslenskum hlutabréfamarkaði gefa út afkomuviðvaranir. Mikilvægi afkomuviðvarana er skoðað, farið verður yfir þau lög og reglur sem eru í gildi fyrir birtingar afkomuviðvarana og kannað hvaða áhrif birting þeirra hefur á hlutabréfaverð. Gerð verður greining á afkomuviðvörunum gefnum út af skráðum félögum á íslenskum aðalmarkaði árin 2021-2023 og m.a. athugað við hversu miklar breytingar á afkomuspám þær eru gefnar gefnar út. Einnig verða afkomuviðvaranir flokkaðar eftir því hvort þær eru neikvæðar eða jákvæðar og eru félögin sem gáfu út afkomuviðvaranir flokkaðar eftir atvinnugreinum og hver geiri skoðaður fyrir sig. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að ekki eru skýr viðmið í lögum sem fyrirtækjum ber að fara eftir við birtingu á afkomuviðvörunum eða hversu miklar breytingar þurfa að verða á spám til þess fyrirtækjum beri að gefa út afkomuviðvaranir. Það er því í höndum stjórnenda að meta það við hvaða mörk sé rétt að gefa þær út. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða einnig í ljós að ekki til staðar skýrar reglur um hvað skuli koma fram í afkomuviðvörunum og félög fara mismunandi leiðir við birtingu afkomuviðvarana og gefa þær út á mismunandi formum. Greining á afkomuviðvörunum sýndi líka að jákvæðar afkomuviðvaranir hafa verið algengari en neikvæðar viðvaranir hér á landi síðustu ár.

## Gengisáhætta íslenskra fyrirtækja, stýring hennar og stjórnarhættir

Hersir Sigurgeirsson[1], Sigríður Benediktsdóttir[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Columbia University, School of international and public affairs

Í erindinu er greint frá niðurstöðum rannsóknar á gengisáhættu, stýringu hennar og stjórnarháttum hjá stórum íslenskum rekstrarfyrirtækjum. Rannsóknin var framkvæmd með spurningakönnun sem send var á 181 af stærstu rekstrarfyrirtækjum landsins og er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Svör bárust frá 69 fyrirtækjum, sem telst hátt svarhlutfall í alþjóðlegum samanburði. Mikill meirihluti fyrirtækja sagðist standa frammi fyrir einhverri gengisáhættu. Að meðaltali töldu svarendur að 10% veiking uppgjörsmyntar hefði um 5% áhrif á virði fyrirtækisins án aðkomu áhættustýringar. Áhættustýring fyrirtækisins minnkar þau áhrif að meðaltali um tæpan helming að mati svarenda. Um tvö af hverjum þremur fyrirtækjanna marka sér stefnu um stýringu á gengisáhættu og í um þriðjungi tilfella er stefnan samþykkt formlega af stjórn. Innan við helmingur er hins vegar með mótaðan áhættuvilja. Framkvæmd áhættustýringar er allnokkuð miðstýrð og miðstýring eykst með stærð fyrirtækja. Meginmarkmið stýringar á gengisáhættu er oftast að draga úr breytileika í sjóðstreymi eða hagnaði ellegar að tryggja að sjóðstreymi haldist yfir ákveðnu lágmarki. Rekstrarvarnir eru notaðar af 95% fyrirtækja til að ná þessum markmiðum, þá sér í lagi innkaup og sala í erlendum gjaldmiðlum. Um 76% fyrirtækja nota einhverskonar fjárhagslegar varnir, en skammtímaafleiður og lántökur í erlendum gjaldmiðlum er hvort um sig nýtt af um helmingi fyrirtækjanna. Þessi stýring fyrirtækja á gengisáhættu beinist einkum að rekstrarreikningi, þ.e. sjóðstreymi, tekjum og gjöldum, og að nokkru marki að skuldum hjá fyrirtækjum sem gera upp í íslenskum krónum.

## Markowitz eða Talmud? Einföld greining á nútíma eignastýringu á íslenskum hlutabréfamarkaði

**Gylfi Magnússon**

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Hópur kenninga sem oft eru spyrtar saman undir heitinu nútíma eignastýringarfræði (e. Modern Portfolio Theory) hefur nánast einokað kennslubækur í greininni undanfarna áratugi. Vel slípuð tækni er notuð til að finna framfallið (e. Portfolio Frontier) og línu fjármagnsmarkaðar (e. Capital Market Line) í „heimi Markowitz", þ.e. þegar litið er svo á að fjárfestar horfi eingöngu til væntrar ávöxtunar og dreifni eða staðalfráviks. Fræðilegar niðurstöður eru almennt byggðar á útreikningum sem gera ráð fyrir að fjárfestar geti þegar þeir setja saman eignasöfn sín byggt á réttum forsendum um lykileiginleika eigna, sérstaklega um dreifni og samdreifni ávöxtunar og vænta ávöxtun eigna. Sú forsenda er hins vegar almennt röng. Fjárfestar geta séð söguleg gögn en þeir verða að áætla með einhverjum hætti eiginleika eigna fram í tímann. Þær áætlanir eru óhjákvæmilega með einhverri skekkju sem getur leitt til þess að eignasöfnin verða lítt skilvirk og taka t.d. oft of mikið tillit til tilviljana í sögulegri ávöxtun eigna. Ýmis próf hafa verið þróuð til að leggja mat áhrif þessa á árangur í eignastýringu. Hér verður byggt á einu þeirra, samanburði við eignastýringu að hætti Talmud, sem felur einfaldlega í sér að sama upphæð er sett í allar eignir sem í boði eru. Greiningin byggir á gögnum um verðþróun hlutabréfa í 12 fyrirtækjum í Kauphöll Íslands árin 2016 til 2024. Jafnframt er lagt mat á ágæti þess að nýta almennu kenninguna um verðlagningu á mörkuðum (e. CAPM) til að áætla ávöxtun. Niðurstöðurnar draga skýrt fram veikleika nútíma eignastýringafræða með sérkennilegum eignasöfnum, slæmri ávöxtun og áhættu.

# Innovation, communities and climate change

## Who Can Increase Public Support for Costly Carbon Taxes?

**Kristinn Már Ársælsson**[1], **John Gastil**[2], **Janosch Pfeffer**[3]

[1] Duke Kunshan University, Social Science
[2] Pennsylvania State University, Communication, Political Science, and Public Policy
[3] Leuphana University

Public opposition to carbon tax policies frequently generates political backlash, yet existing theory provides limited guidance on which sources of policy endorsements can increase support. A substantial body of literature suggests that scientists may struggle to bolster policy support and confront climate skepticism, particularly among conservatives and Republican identifiers in the United States. We examined the effectiveness of endorsements for costly and redistributive carbon tax policies from multiple sources across three waves of preregistered survey experiments in the United States (2021–2024; N > 6,000) and one in Germany. Endorsements of a costly carbon tax mitigated backlash and increased support, whereas endorsements of a redistributive tax polarized opinions. Among different sources—government officials, environmental NGOs, deliberative "minipublics," or unspecified sources—scientist endorsements were the most persuasive. Contrary to predictions from deliberative and peer-effects theories, minipublic endorsements showed limited additional impact. We also tested alternative mechanisms of persuasion, including identity-protective cognition, prior attitudes, source credibility, and alignment with personal versus public interest. We found limited evidence of mediation, and little indication that the effects of endorsement were moderated by identity-protective cognition or source credibility. There was some evidence that prior attitudes and interest alignment conditioned respondents' receptivity to carbon tax endorsements. These findings clarify the conditions under which different endorsement sources influence public support and provide practical guidance for communicating climate policies effectively.

## Essential or Extra? When Firm-Hosted Communities Become a Business Necessity?

**Ana Orelj**

University of Iceland, School of Business

This study examines when firm-hosted innovation communities transition from being ”nice to have” to ”must-have” for business operations, using a longitudinal case study of CCP Games and the EVE Online community. Through grounded theory analysis and Design Structure Matrices (DSM), I trace the evolution of co-creation relationships across three scenarios corresponding to theme-park, open-world, and sandbox game formats. The research introduces the concept of product abstractness—the gap between real (producer-intended) and perceived (user-interpreted) affordances—as a key determinant of community necessity. In concrete products with aligned affordances, communities remain optional. However, in abstract products like sandbox games, where users can reinterpret and repurpose features beyond original design intentions, communities become structurally essential for ongoing operations. Findings reveal that sandbox environments foster prosumer communities where players transform from passive consumers to active contributors in content creation, debugging, translation, and strategic decision-making. The CCP-EVE relationship demonstrates how modular systems can accommodate dynamic interfaces with extensive information sharing rather than traditional thin crossing points, challenging conventional modularity assumptions about information hiding. The study contributes to innovation community theory by providing a framework for assessing when community involvement becomes operationally necessary rather than merely beneficial. For practitioners, it offers strategic guidance on designing technological infrastructures and policies that support flexible modular integration, enabling companies to adapt community involvement as products and user behaviors evolve. The research highlights that in digital ecosystems, recognizing and managing these interdependencies becomes not just good practice but strategic necessity.

## Mission Drift and Impact Fidelity in Social Enterprises: A Review of the Literature

**Elizaveta Petrovskaia**

University of Iceland, Business Administration

Social enterprises are increasingly recognized for their ability to address complex social and environmental challenges by combining entrepreneurial approaches with a commitment to social purpose. Yet their hybrid nature makes them vulnerable to mission drift, where financial or stakeholder pressures overshadow the original mission. This risk is particularly pronounced during periods of scaling and engagement with investors, when demands for growth and financial returns may conflict with social goals. This paper presents findings from a systematic literature review on mission drift in social enterprises. Drawing on 97 peer-reviewed articles identified through Scopus and Web of Science and screened using PRISMA guidelines, the study maps how mission drift has been defined and examined, what factors increase its likelihood, and what mechanisms are proposed to prevent it. The analysis identifies three thematic clusters: founder identity, stakeholders and investors, and governance and controls. Preliminary results suggest that governance structures, trust-based investor relations, and participatory accountability mechanisms act as safeguards, while scaling consistently amplifies tensions between mission and finance. The review also highlights gaps in the literature, including a lack of longitudinal studies, limited coverage of Global South contexts, and weak empirical testing of prevention mechanisms. By integrating fragmented insights across hybridity, governance, and impact investing, the paper contributes an analytical framework for understanding how social enterprises can preserve mission fidelity throughout the investment lifecycle. The findings provide both theoretical clarity and practical guidance for social enterprises, investors, and policymakers working in Nordic and European innovation ecosystems.

# Ungt fólk: afbrot og barnavernd

## Líkamlegt ofbeldi: Afdrif mála sem Barnavernd Reykjavíkur hefur vísað til rannsóknar hjá lögreglu

**Elísabet Gunnarsdóttir**[1], **Freydís Jóna Freysteinsdóttir**[2]

[1] Barnavernd Reykjavíkur
[2] Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Í reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd er tekið fram að ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni, skuli barnaverndaryfirvöld að jafnaði óska rannsóknar lögreglu. Rannsakandi greindi mál 113 barna sem vísað hafði verið til rannsóknar hjá lögreglu af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur vegna gruns um líkamlegt ofbeldi af hálfu foreldra frá árinu 2008 til 2023. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvers eðlis eru þau mál sem Barnavernd Reykjavíkur hefur vísað til rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um alvarlegt líkamlegt ofbeldi gagnvart barni af hálfu foreldris? Hver hafa afdrif málanna verið hjá lögreglu og Barnavernd Reykjavíkur? Rannsókn þessi byggði á rannsóknaraðferðinni innihaldsgreiningu gagna. Fjallað er um niðurstöður rannsóknarinnar meðal annars út frá ólíku menningarlegu viðhorfi til ofbeldis og líkamlegra refsinga og vangaveltum um stöðu þeirra barna sem áfram bjuggu hjá foreldri sínu sem grunað var um alvarlegt ofbeldi gagnvart þeim þegar máli barnsins var lokað hjá barnavernd. Einnig er fjallað um hugsanlegar afleiðingar þess að mál barnanna, sem grunur leikur á að hafi verið beitt alvarlegu ofbeldi, hljóti ekki málsmeðferð fyrir dómstólum.

## Afbrot og refsingar: Afstaða ungra Íslendinga í samanburði við niðurstöður dómara um sömu mál

**Helgi Gunnlaugsson**, **Hekla Steinarsdóttir**

Háskóli Íslands, Félags-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Niðurstöður símakannana hafa ítrekað sýnt að Íslendingar telja refsingar almennt of vægar á Íslandi. Með því að beita fleiri aðferðum en símamælingu sýndi norræn rannsókn sem annar höfunda tók þátt í fyrir rúmum áratug að niðurstöðurnar eru ekki alveg svo afgerandi. Ef þátttakendur fá nánari upplýsingar um málsatvik virðast þeir mýkjast í afstöðu sinni. Höfundar erindisins taka þátt í norrænu rannsóknarverkefni þar sem afstaða borgaranna og dómara er könnuð með aðstoð rýnihópa og spurningalistakönnunar. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum rýnihópanna í samanburði við afstöðu íslensks dómarapanels um sömu mál og tekin voru fyrir í rýnihópunum. Eins og á hinum Norðurlöndunum er sjónum í rýnihópunum beint að ungu fólki á aldrinum 18-24 ára. Stuðst er við alls átta hópa, fjóra úr dreifðari byggðum landsins og fjóra af höfuðborgarsvæðinu. Fundirnir fóru fram í mars og apríl 2025. Tekin voru fyrir alls fjögur brot með atvikslýsingu í vinjettustíl. Kynferðisbrot, hatursorðræða á netinu, varsla fíkniefna og ofbeldisbrot. Þátttakendur meta hvernig þeir telja að íslenskir dómstólar myndu dæma í málunum, hvernig þau sjálf vilja bregðast við brotunum og á hvaða grundvelli ákvörðunin ætti að byggjast. Helstu niðurstöður eru að þátttakendur vildu ýmist vægari refsingar en dómarapanellinn eða mun harðari. Einkum var kallað eftir harðari refsingum fyrir ofbeldis- og kynferðisbrotin en síður þegar kom að vörslu fíkniefna og hatursorðræðu á netinu.

# Jaðarsetning og afbrot ungs fólks: Samanburður á reynslu ungra innflytjenda í Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi.

**Margrét Valdimarsdóttir**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Málefni innflytjenda hafa verið áberandi í opinberri umræðu á síðustu árum. Líkt og víða annars staðar snýst umræðan hér á landi að hluta til um ógn við öryggi landsmanna sem einn fylgifisk fjölmenningar. Alþjóðlegar rannsóknir benda einmitt til þess að fjölgun innflytjenda leiði til aukins ótta við afbrot en styðja almennt ekki þá fullyrðingu að hátt hlutfall innflytjenda leiði til aukinnar tíðni ofbeldis eða annarra afbrota. Niðurstöður rannsókna sem beina sjónum sínum að einstaklingssamanburði, hvort innflytjendur séu líklegri en innfæddir til að brjóta af sér, hafa verið ólíkar á milli landa. Þessar ólíku niðurstöður hafa leitt fræðimenn til að álykta að tengslin séu háð víðara samfélagslegu samhengi sem tengist innflytjendassögu viðkomandi lands. Norðurlöndin deila að mörgu leyti menningu og uppbyggingu samfélagsins, en eiga sér nokkuð ólíka innflytjendasögu sem gæti tengst ólíkri reynslu innflytjenda. Í erindinu verða kynntar niðurstöður samanburðarrannsóknar þar sem tengslin á milli innflytjendastöðu og frávikshegðunar voru könnuð, og hvort þeim tengslum væri miðlað í gegnum jaðarsetningu (upplifaða mismunun og hatursofbeldi). Gögn rannsóknarinnar byggja á tilviljunarúrtaki 13 til 17 ára ungmenna í Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi. Tæplega 6,500 þátttakendur svöruðu rafærnum spurningalista var lagður fyrir nemendur á skólatíma. Niðurstöður sýna m.a. að reynsla af jaðarsetingu er ólík milli landa sem hefur marktæk áhrif á hvort ungt fólk brjóti af sér.

# University education and libraries

## Is university worth it despite the cost? Institutional influences on higher education perceptions in Guinea-Bissau

**Jon Edmund Bollom**[1], **Stefán Hrafn Jónsson**[2], **Aladje Baldé**[3], **Geir Gunnlaugsson**[1], **Jónína Einarsdóttir**[1]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Háskóli Íslands, FMÞ
[3] Universidade Jean Piaget Guiné-Bissau

Evidence indicates highly unequal access to higher education (HE) in sub-Saharan Africa (SSA), with income, residence and gender strongly determining participation. Research suggests private schooling, family support, and teaching quality operate as key predictors of HE aspiration, whilst institutional weaknesses, including inadequate tutoring and curricular gaps, and financial pressures undermine confidence in HE value. Despite data scarcity, Guinea-Bissau is understood to perform poorly compared to regional neighbours regarding equality of access. This study draws upon survey data collected in 2022 in Bissau, from Guinea-Bissau's five largest universities (N=1605). Hierarchical logistic regression is utilised, assessing predictors of perceived HE value, including teaching quality, institutional policies, safety, and time constraints. Block order reflects theoretical priorities, with supplemental analyses testing alternative sequencing. Respondents (31.6%) felt negatively or were undecided regarding value of HE relative to cost, whilst 68.4% responded positively. Institutional factors, including teaching satisfaction (OR=1.35, p<0.001) and perceived career advantage (OR=1.46, p<0.001) predicted positive student sentiment towards HE worth whilst reported boredom with studies predicted falling perceptions of HE utility (OR=1.19, p<0.05). Prior studies indicate female adolescent students report higher aspirations of HE attendance, yet this analysis revealed sexual harassment by staff erodes perceptions of HE value (OR=0.80, p<0.01 in initial models), potentially exacerbating gender inequities. Compared to adolescent samples of prior research, family support, including support from parents (p>0.10), was less significant in university cohorts, suggesting shifting influences across educational and life stages. Financial stressors, while included, had weaker effects than institutional factors in regression models (p>0.05).

## Library and Information Science: Student Perspectives on Professional Competencies and Curriculum Futures

Ragna Kemp Haraldsdóttir[1], Jamie Rose Johnston[2]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Háskóli Íslands, Information Science

Library and Information Science (LIS) education faces increasing pressure to respond to transformations in the information landscape. Digitization, automation, and datafication are reshaping professional roles, requiring new competencies in information technology, data governance, and community engagement alongside traditional functions. This study examines how LIS education can adapt while preserving disciplinary strengths and preparing graduates for emergent challenges. Our research investigates LIS graduates' evaluations of the master's level Information Science studies in Iceland with the purpose to inform curriculum development. We address three key questions: How do graduates assess their programs and identify areas for improvement? How well do studies prepare graduates with relevant competencies? How do graduates evaluate career expectations, professional readiness, and job satisfaction? Using a survey administered via SurveyMonkey from October 14th to November 5th, 2024, we sought insight into experiences and perspectives of information practitioners in Iceland. This approach is particularly relevant for smaller professional communities like Iceland, which face distinctive pressures in meeting expanding competency demands while aligning with global trends and Nordic policy priorities. Results indicate graduates are generally positive toward LIS program organization and even more favorable when evaluating their post-graduation knowledge and skills. We report on graduates' experiences regarding workplace support from colleagues and managers, perceptions of professional skill recognition, and confidence in fulfilling job requirements. These findings contribute to international debates on LIS education's future and provide evidence for curriculum development in small professional communities navigating global information landscape changes.

# Designing Open Spaces for All: User Engagement and Participation at Reykjavík City Library

**Jamie Rose Johnston**[1], **Dögg Sigmarsdóttir**[2], **Martyna Karolina Daniel**[3], **Anna Maria Wojtynska**[4]

[1] Háskóli Íslands, Information Science
[2] Self Employed
[3] Reykjavik City Library, Project Manager – Equity & Community Engagement
[4] Háskóli Íslands, Anthropology

This paper presents preliminary findings from a study of participatory programming at Reykjavík City Library, examined in relation to Iceland's new integration policy A Society for Everyone (2024). The policy emphasizes participation, equality, and interaction—rather than solely linguistic mastery—as the foundations of inclusion, and highlights public libraries as central arenas for advancing these goals. Building on the library's strategy Open Space for All (2021–24), we analyze three initiatives—Stofan: A Public Living Room, Love Speech, and Pikknikk—that applied placemaking and co-creation to reimagine the library as an intercultural meeting place. Using reflective practitioner methods combined with insights from scholarship on integration, participation, and community building, the study investigates how libraries can foster dialogue, challenge linguistic and social hierarchies, and enact hospitality. Preliminary analysis indicates that co-creation not only broadens participation and supports intercultural encounters but also requires new staff competences, including intercultural facilitation, participatory and experimental design, and sensitivity to spatial dynamics. These early findings illustrate how libraries can function as infrastructures of belonging and civic engagement, aligning directly with national integration objectives and offering transferable lessons for public institutions elsewhere.

## Streita og kulnun í íslenskum stórfyrirtækjum: Viðhorf stjórnenda og hlutverk forvarna

**Auður Arna Arnardóttir**[1], **Ellen Ósk Valtýsdóttir**[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræði
[2] Íslandsbanki

Markmið rannsóknarinnar er að skoða fræðslu og viðhorf stjórnenda til streitu og kulnunar innan íslenskra stórfyrirtækja, með áherslu á hvernig best sé að styðja við forvarnir og bregðast við kulnun á vinnustöðum. Kulnun er vaxandi heilsufarsvandamál sem tengist langvarandi vinnuálagi, skorti á stuðningi og skerðingu á lífsgæðum starfsmanna. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði. Tekin voru hálfopin viðtöl við 11 sérfræðinga í mannauðsmálum hjá íslenskum stórfyrirtækjum, skilgreindum sem skipulagsheildum með yfir 250 starfsmenn og mikla veltu. Greining gagna leiddi í ljós þrjú meginþemu: (1) kulnun og streita í vinnuumhverfi, (2) forvarnir gegn kulnun og (3) hlutverk stjórnenda í að bregðast við kulnun. Niðurstöður sýna að formlegar mælingar á kulnun eru sjaldgæfar og að mat byggist oft á óformlegum athugunum, svo sem hegðunarbreytingum eða fjarveru. Þrátt fyrir jákvætt viðhorf stjórnenda til fræðslu skortir kerfisbundna þjálfun í að greina og takast á við kulnun á markvissan hátt. Viðmælendur bentu á að einkenni kulnunar væru einstaklingsbundin og að samspil vinnu og einkalífs skipti lykilmáli í þróun hennar. Sú sýn er þó að hluta til í ósamræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2019), þar sem kulnun er bundin vinnuumhverfinu. Rannsóknin veitir mikilvæga innsýn í viðhorf stjórnenda og styður við þróun fræðslu og forvarna innan íslenskra stórfyrirtækja.

## Áhrif reglulegra samtala stjórnenda og starfsfólks á líðan starfsfólks

Þóra Þorgeirsdóttir[1], Helena Jónsdóttir[2], Hilja Guðmundsdóttir[2]

[1] Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptadeild
[2] Mental ráðgjöf

Á undanförnum árum hefur umræða um andlega heilsu á vinnustöðum aukist verulega og samhliða því áhugi á áhrifum stjórnenda á líðan starfsfólks. Rannsóknir sýna að stjórnendur gegna lykilhlutverki í að móta upplifun starfsfólks og þar eru samskipti meðal helstu áhrifaþátta. Hingað til hafa rannsóknir að mestu einblínt á gæði samskipta og samtala um líðan í starfi, fremur en hversu tíð eða reglubundin þau eru, og því hefur skort á þekkingu um hvernig einföld, reglubundin samtöl um líðan geta haft áhrif á upplifun starfsfólks í daglegu starfi. Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða áhrif af aukinni reglu og tíðni samtala eða innlita stjórnenda og starfsfólks á líðan starfsfólks, í formi trausts til stjórnenda, starfsánægju, jafnvægi vinnu og einkalífs og upplifun á stuðningi við andlega líðan og heilsu. Lögð var spurningakönnun fyrir starfsfólk í 4 fyrirtækjum úr fjölbreyttum geirum atvinnulífsins og var svarhlutfall 60%. Niðurstöður sýna skýr tengsl milli aukinnar tíðni innlita og trausts til stjórnenda, ánægju í starfi, upplifun á jafnvægi milli vinnu og einkalífs og upplifun af stuðningi við andlega líðan. Einnig benda niðurstöður til þess að það að samtöl séu reglubundin sé mikilvægur áhrifaþáttur. Þessar niðurstöður beina ljósi að mikilvægi reglulegra samtala stjórnenda og starfsfólks til að stuðla að aukinni starfsánægju, vellíðan og trausti í vinnuumhverfinu.

## Reynsla af þátttöku í þróunarverkefni um góða vinnustaðamenningu í skólum

Sigrún Gunnarsdóttir[1], Anna Magnea Hreinsdóttir[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Menntavísindssvið

Í ljósi vanda leik- og grunnskóla, einkum vegna skorts á starfsfólki og aukins álags er brýnt að efla þekkingu á leiðum til að byggja upp góða vinnustaðamenningu og styðja þannig við vellíðan starfsfólks. Þessi rannsókn beinist að reynslu þátttakenda af þróunarverkefni sem hafði það markmið að styrkja stjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla til að efla góða vinnustaðamenningu skóla. Verkefnið sneri að sálfélagslegum þáttum í vinnuumhverfi innan leik- og grunnskóla og byggði meðal annars á kenningum um bjargráð sem styrkja góða vinnustaðamenningu, skipulag og samskipti. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á reynslu og upplifun starfsfólks og stjórnenda af þátttöku í þróunarverkefninu og hverju því fannst það skila. Tekin voru eigindleg rýnihópaviðtöl við stjórnendur annars vegar og starfsfólk hins vegar í fimm skólum, alls tíu rýnihópar, 3–5 þátttakendur í hverjum. Gögnin voru þemagreind og leiddu í ljós fjögur meginþemu sem varpa ljósi á reynslu þátttakenda í þróunarverkefninu. Niðurstöðurnar sýna að almennt upplifðu þátttakendur að verkefnið hafi verið gagnlegt til að koma á umræðu um og styðja starfsfólk við að efla góða vinnustaðamenningu í skólunum. Þemun sem komu fram voru: 1) samskipti, samskiptasáttmáli og traust; 2) hlutverk, ábyrgð og eftirfylgni; 3) valdeflandi stjórnun og aðgengi ; og 4) samvera, hjálpsemi og félagsleg virkni. Niðurstöðurnar sýna gildi bjargráða í starfsumhverfinu sem draga úr neikvæðum áhrifum álags á líðan starfsfólks. Bjargráð sem einkum reyndust gagnleg voru uppbyggileg samskipti, traust, samvinna og skýr hlutverkaskipting og endurspeglar það niðurstöður fyrri rannsókna í skólum.

## Vellíðan í starfi - forysta og sálfélagslegir þættir

Guðrún Alda Elísdóttir[1], Sigrún Gunnarsdóttir[2]

[1] Háskóli Íslands, Mannauðssvið
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Álag í störfum á vinnumarkaði hefur aukist á undanförnum árum og hafa rannsóknir m.a. sýnt aukið álag í starfi kennara, heilbrigðisstarfsfólks og almennt þeirra sem sinna sérfræðistörfum. Mikilvægt er að auka þekkingu um vellíðan sérfræðinga í starfi og hvernig hún tengist forystu og sálfélagslegum þáttum. Sjónum er beint að því hvernig stjórnendur geta hrundið af stað ýmist hvataferli eða heilsuraskandi ferli þegar kemur að líðan starfsfólks. Markmiðið er að varpa ljósi á þá sálfélagslegu þætti sem hafa áhrif á vellíðan kennara í starfi og með hvaða móti skólastjórnendur geta stuðlað að heilbrigðu starfsumhverfi. Rannsóknarspurningin sem sett er fram er: „Hvert er mat kennara á forystu og sálfélagslegum þáttum sem hafa áhrif á vellíðan þeirra í starfi?“ Byggt er á gögnum úr starfsánægjukönnunum sem lagðar voru fyrir kennara í fjórum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður benda til þess að kennarar upplifi ákveðna veikleika í sálfélagslegu starfsumhverfi sínu, einkum hvað varðar skýrleika hlutverka og ábyrgðar, stuðning í starfi, kröfur, álag og stjórnunarhætti. Á móti virðast þeir búa yfir sterkri innri starfshvöt, njóta frelsis í starfi og hafa jákvætt viðhorf til starfs síns. Niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að skapa heildrænt og styðjandi starfsumhverfi til að sporna við kulnun og efla fagmennsku í skólum. Mikilvægt er að skólastjórnendur og skólayfirvöld styrki sálfélagslega þætti og faglega forystu í skólum til að búa kennurum heilbrigt og hvetjandi starfsumhverfi.

## Verkalýðsbarátta, vinnumarkaður og inngilding

### Fötlunarstrit í kórónuveirufaraldrinum

**Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir**

Háskóli Íslands, Hjúkrunar og ljósmóðurfræðideild

Fatlað fólk var í aukinni hættu á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stóð yfir, ekki aðeins vegna veirunnar heldur vegna félagslegra og stefnumótandi viðbragða sem ógnuðu öryggi þess. Fræðafólk hefur síðustu ár fjallað um birtingamyndir kerfisbundinna hindrana og félagslegs misréttis sem sköpuðu aukið álag og gerðu stöðu fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra ótryggar. Í þessari rannsókn voru eigindleg gögn úr doktorsverkefni höfundar við fatlað fólk, fulltrúa samtaka fatlaðs fólks og foreldra fatlaðra barna greind út frá femínískum kenningum og gagnrýnum fötlunarfræðum, í því skyni að varpa ljósi á reynslu þeirra í faraldrinum. Í greiningunni var notast við mikilvæg femínisk hugtök á borð við invisible work og emtional work, sem náð hafa fótfestu í fræðasamfélaginu og beina sjónum að vinnu sem ríkjandi valdakerfi krefja konur. Þessum hugtökum var teflt saman við hugtök fatlaðra aktívista – bæði innan og utan akademíunar – á borð við disability labour, disability admin og advocacy fatigue, og bregða ljósi á kerfisbundna byrði sem fylgir aðgengis- og stuðningsleysi. Þótt hugtökin hafi ekki enn fest sig í sessi innan fræðasamfélagsins reynast þau mikilvæg greiningartól sem draga fram vinnuna sem fatlað fólk þarf að inna af hendi til að tryggja öryggi sitt og þátttöku á við aðra og álagið sem vinnunni fylgir. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig ábyrgð á öryggi fatlaðs fólks var í auknum mæli færð yfir á fatlað fólk sjálft og félagasamtök þess í faraldrinum þar sem stuðningskerfi og verklag gerði ekki ráð fyrir fjölbreyttum þörfum. Þær undirstrika hvernig ósýnileg vinna og tilfinningalegt álag eru samofin félagslegum valdakerfum sem viðhalda jaðarsetningu.

## „... það snerist ekki um hæfni, heldur aldur“ Upplifun háskólamenntaðra innflytjendakvenna 49+ á íslenskum vinnumarkaði

Erla Sólveig Kristjánsdóttir, Marko Markovic

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Eldri innflytjendakonur upplifa margvíslegar hindranir sem draga úr möguleikum þeirra á vinnumarkaði. Þrátt fyrir hátt menntunarstig og mikla starfsreynslu mæta þær ýmsum áskorunum sem koma í veg fyrir starfsþróun og takmarka aðgengi að störfum sem samsvara hæfni þeirra. Markmið rannsóknar var að öðlast dýpri skilning á upplifun háskólamenntaðra innflytjendakvenna 49+ á stöðu þeirra, áskorunum og hindrunum á íslenskum vinnumarkaði. Að auki var markmiðið að skoða hvernig samspil aldurs, kyns og innflytjendastöðu mótar starfsferil þeirra og áskoranir sem þær mæta. Tekin voru tólf hálfopin djúpviðtöl við konur á aldrinum 49–66 ára sem höfðu búið á Íslandi frá 6-25 ár. Þær höfðu allar lokið háskólanámi, með fjölbreytta menntun og víðtæka starfsreynslu bæði hér á landi og erlendis. Rannsóknin var framkvæmd með fyrirbærafræðilegri aðferðafræði. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að þær upplifðu að aldur þeirra dragi úr möguleikum á starfsþróun sem varð til þess að hæfni þeirra var síður metin að verðleikum. Þrátt fyrir menntun og starfsreynslu upplifðu þær mismunun í ráðningarferlinu og fengu ekki störf við hæfi. Þær upplifðu útilokun á vinnumarkaði vegna skorts á tengslaneti og bakgrunns. Skortur á viðurkenningu erlendra prófskírteina og tungumálaerfiðleika takmörkuðu aðgengi að störfum. Rannsóknin varpar ljósi á flókið samspil aldurs, kyns og uppruna og undirstrikar þörf fyrir markvissar aðgerðir í mannauðsstjórnun og stefnumótun til að tryggja réttlátari vinnumarkað fyrir þennan hóp.

## Félagsleg mótun hæfni og inngilding fatlaðs fólks í vinnu

**Stefan Celine Hardonk**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Inngilding er grundvallarhugtak í tengslum við rétt fatlaðs fólks til atvinnu á almennum vinnumarkaði og hefur verið áberandi í lögum og framkvæmdaráætlunum íslenskra yfirvalda. Tölfræði sýnir þó enga hlutfallslega fjölgun í þáttöku fatlaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði þrátt fyrir úrræði á borð við atvinnu með stuðningi. Rannsóknir hafa varpað ljósi á ýmiss konar hindranir á vinnumarkaði og kallar fræðafólk í auknu mæli eftir þekkingarsköpun um duldar hindranir og getuhyggju í tengslum við þátttöku í atvinnu. Í þessu samhengi hefur rannsóknin sem hér verður kynnt að markmiði að dýpka innsýn í (a) hvernig vinnuveitendur móta kröfur um hæfni starfsfólks; (b) hvernig þeir meta hæfni fjölbreytts fólks í ráðningarferlum og í starfinu og (c) hvernig þeir styðja við starfsfólk sem uppfyllir ekki hæfniskröfur við ráðningu þ.m.t. fatlað fólk. Rannsóknin byggir á sjónarmiði félagslegrar mótunar hæfni og gagnrýnni fötlunarfræði til að afbyggja getuhyggju og veita innsýn í hvernig hugmyndir og væntingar um hæfni tengjast tækifæri til inngildingar í starfi. Rannsóknin byggir á greiningu narrativa um ráðningarferli, hæfni og þjálfun í frásögnum 23 forstjóra og mannauðsstjóra íslenskra vinnustaða í opinbera og einkageirum. Kóðun og greining var framkvæmd í anda grundaðrar kenningar og sýna niðurstöður hvernig tækifæri til inngildingar en einnig getuhyggja birtast í tengslum við óljósar og breytilegar hæfniskröfur; skilyrtan sveigjanleika með tilliti til hæfni; persónuleika starfsfólks sem mælikvarða; staðalmyndir um samskiptahæfni; og hugmyndir um getu fólks með ákveðnar skerðingar. Rannsóknin veitir innsýn í hvernig staðalmyndir og eðlishyggja geta mótað hindranir en einnig hvernig fjölbreytileikastefna getur stuðlað að inngildingu með tilliti til hæfni starfsfólks.

## Huglæg virðingarstaða á tímum félagslegs umróts og róttækari verkalýðsbaráttu

**Guðmundur Oddsson**[1], **Kristinn Már Ársælsson**[2]

[1] Háskólinn á Akureyri, Félagsvísindadeild
[2] Duke Kunshan University, Social Science

Rannsóknir gefa til kynna að mörgum er jafn annt um virðingarstöðu sína sem og peninga og völd. Þá hefur huglæg virðingarstaða tengsl við þætti á borð við andlega og líkamlega heilsu sem og stjórnmálahegðun. Hugtakið huglæg virðingarstaða (subjective social status) byggir í grunninn á kenningu Max Weber þess efnis að lagskipting nútímasamfélaga sé þrívíð og samanstandi af skiptingu í stéttir (class), stöðuhópa (status) og pólitísk samtök (party). Huglæg virðingarstaða er afstæð og endurspeglar upplifun einstaklinga af stöðu sinni í virðingarstiga samfélagsins. Rannsóknir á áhrifaþáttum huglægrar virðingarstöðu hafa aðallega beinst að hlutlægum þáttum á borð við menntun, tekjur og tegund starfs. Færa má hins vegar rök fyrir því að barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum lífskjörum hverfist ekki einungis um kjörin sem slík heldur ekki síður um virðingu og viðurkenningu á mikilvægi launafólks. Í erindinu verða kynntar frumniðurstöður rannsóknar sem skoðar áhrif stéttaorðræðu verkalýðsforystunnar hérlendis á huglæga virðingarstöðu og upplifun af stéttaójöfnuði. Gögnin sem liggja til grundvallar rannsókninni koma úr spurningakönnun með tilraunasniði (survey experiment) sem lögð var fyrir hérlendis á vordögum 2025 (N=2700). Meðal frumniðurstaðna eru þær að, heilt yfir, eru lítil eða engin áhrif af því að lesa hvatningu frá verkalýðsleiðtoga á huglæga virðingarstöðu og stéttavitund. Hins vegar koma fram jákvæðari tilfinningar í garð verkalýðsleiðtoga en engin breyting verður með tilliti til atvinnurekenda. Þá dróg úr vilja efri millistéttar og efstu stéttar að sættast á lægri launahækkun til stuðnings þeim lægst launuðu en vilji millistéttarinnar jókst.

## Börn og velferð

### Sögulegt sjónarhorn á sumardvöl barna í sveit sem úrræði í barnavernd á Íslandi: eigindleg rannsókn

**Geir Gunnlaugsson**[1], **Hervör A Árnadóttir**[2], **Anni Guðný Haugen**[2], **Jónína Einarsdóttir**[1]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Á 20. öld dvöldu þéttbýlisbörn gjarnan á sveitabæjum yfir sumartímann. Um og eftir 1970 sendu yfirvöld börn í viðkvæmri stöðu í sveit sem félagslegt úrræði. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa og greina þróun úræðisins hjá félagsþjónustunni í Reykjavík frá fyrri hluta áttunda áratugarins þar til það var lagt niður 2019. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við félagsráðgjafa, fullorðna einstaklinga sem dvöldu á sveitabæjum í æsku á vegum borgarinnar og bændur sem tóku á móti þeim, auk annarra heimilda. Félagsráðgjafar litu á dvölina á sveitabæjum sem tækifæri fyrir börn að komast tímabundið frá erfiðum heimilisaðstæðum og víkka sjóndeildarhringinn með sveitadvöl. Fullorðnir sem upplifðu slíka dvöl mátu reglufestu sveitalífsins, útivist og umönnun dýra, þó reynslan hafi ekki verið jákvæð hjá öllum. Bændum fannst það ánægjuleg reynsla og áskorun að taka á móti börnunum. Á tíunda áratugnum varð staðan oft erfið en þá komu til þeirra börn sem áttu við flóknari vandamál að stríða en áður, svo sem hegðunarvanda og vímuefnanotkun. Félagsþjónustan í Reykjavík nýtti úrræðið iðulega til aldamótanna 2000 en síðan í minnkandi mæli þar til það var lagt af 2019. Þessi breyting endurspeglar breytt sjónarhorn fagfólks og áskoranir við framkvæmd úrræðisins. Þrátt fyrir að sveitadvöl gæti virst úrelt sem félagsleg íhlutun þá samræmast grundvallarþættir hennar nýlegri áherslu á náttúruupplifanir og samskipti við dýr fyrir börn í viðkvæmri félagslegri stöðu. Rannsóknin veitir innsýn í framkvæmd slíkrar íhlutunar og undirstrikar mikilvægi þess að meta og endurskoða íhlutanir þannig að þær mæti faglegum kröfum samtímans, samfélagslegum þörfum og hagsmunum barna.

## Staða uppkominna fósturbarna hér á landi

Freydís Jóna Freysteinsdóttir[1], Heiður Sævarsdóttir[2], Birgitta Rós Laxdal[3]

[1] Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild
[2] Landspítali Háskólasjúkrahús
[3] Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Þessi rannsókn fjallar um stöðu og afdrif uppkominna fósturbarna hér á landi er varðar atriði eins og til dæmis menntunarstig, atvinnuþátttöku og geðheilsu. Einnig er fjallað um þann stuðning sem þau töldu sig hafa fengið á meðan þau dvöldu í fóstri. Fyrri rannsóknir á uppkomnum fósturbörnum hafa sýnt að staða þeirra er veikari en meðal jafnaldra þeirra, enda hafa þau yfirleitt búið við óvðunandi aðstæður og því þurft að fjarlægja þau af heimili þeirra. Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna stöðu uppkominna fósturbarna hér á landi. Þátttakendur voru á aldrinum 20-25 ára. Um megindlega rannsókn var að ræða og svöruðu þátttakendur spurningalista. Svarhlutfall var 38% en 71 svöruðu spurningalistanum eftir að reynt hafði verið að ná í alla á þessum aldri sem höfðu verið í fóstri eða vistun á barnsaldri hér á landi. Niðurstöður leiddu í ljós að fleiri þátttakendur voru með lægra menntunarstig en almennt gerist meðal jafnaldra þeirra. Auk þess voru umtalsvert fleiri þátttakendur sem þáðu örorkubætur en meðal jafnaldra þeirra. Hátt hlutfall þátttakenda höfðu glímt við geðraskanir á meðan þeir voru í fóstri eða vistun og einnig á fullorðinsaldri. Auk þess hafi hátt hlutfall þátttakenda verið með sjálfsvígshugmyndir eða reynt sjálfsvíg. Innan við helmingur þátttakenda taldi sig hafa fengið viðunandi stuðning á meðan þeir voru í fóstri eða vistun. Það er því ástæða til að gera úrbætur er varðar stuðning við fósturbörn á meðan þau dvelja í fóstri en einnig er brýnt að auka stuðning við uppkomin fósturbörn, sérstaklega fyrstu árin eftir að fóstri lýkur.

## Samheldni í fjölskyldum, samanburður á Íslandi og Grikklandi

**Selma Björk Hauksdóttir, Sigrún Harðardóttir, Auður Ósk Guðmundsdóttir**

Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Fjallað verður um yfirstandandi rannsókn um samheldni í fjölskyldum á Íslandi og í Grikklandi. Notast er við Family Functioning and Cohesion Scale (FFCS) sem er 14 atriða sjálfsmatskvarði þróaður af grískum rannsakendum. Hann metur lykilvíddir fjölskyldulífs – samskipti, tjáningu árásarhneigðar og sameiginleg gildi. Í yfirstandandi rannsókn er FFCS notað til þess að meta samheldni hjá fjölskyldum í tveimur menningarlega og landfræðilega ólíkum Evrópulöndum – Íslandi og Grikklandi. Matslistinn er lagður fyrir 60 fjölskyldur í hvoru landi: 20 sem nýta þjónstu geðheilsuteyma, 20 sem nýta félagsþjónstur og 20 sem þiggja ekki þjónustu (samanburðarhópur). Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig samvinna milli stofnana og fagaðila hefur áhrif á þjónustu við börn og ungmenni með flókin geðræn vandamál. Rannsóknin byggir á vaxandi þörf fyrir skilvirka og samhæfða þjónustu þar sem fjölmargar stofnanir koma að málefnum barna með geðrænar áskoranir. Þrátt fyrir að ýmis úrræði séu til staðar, benda rannsóknir og reynsla fagaðila til þess að skortur á samhæfingu og skýrri verkaskiptingu geti haft neikvæð áhrif á árangur í meðferð og stuðningi. Ályktun rannsakenda er að FFCS stuðli að snemmbærri greiningu áhættuþátta sem tengjast átökum, vanrækslu og minnkandi samheldni sem er lykilatriði í að tryggja öryggi fjölskyldna. Niðurstöðurnar benda til þess að árásarhneigð innan fjölskyldna tengist frekar vanda í samskiptum en ósamræmi í gildum. Yfirstandandi rannsókn á FFCS mun kanna frekar gildi þess í fjölbreyttum menningarlegum samhengi. Í erindinu verður fjallað um FFCS og frumniðurstöður á yfirstandandi rannsókn.

## Þátttaka jaðarsettra barna í rannsóknum

**Hervör A Árnadóttir**

Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra, á sama tíma og gæta þarf að réttindum þeirra til verndar. Rannsakendur hafa lýst því sem flóknu ferli að fá aðgengi að börnum og gagnrýnt fagfólk fyrir að virða ekki nægilega rétt barna til þátttöku í rannsóknum, auk þess sem of mikil áhersla sé lögð á vernd- un. Markmið þessa erindis er að fjalla um reynslu fagfólks innan velferðarþjónustu af því að styðja börn til þátttöku í rannsóknum. Því var spyrt hvernig fagfólk innan velferðarþjónustu upplifir sig geta stutt við þátttöku barna í rannsóknum? Gögnum var safnað með fimm hálfstöðluðum rýnihópaviðtölum við fagfólk velferðarþjónustu á Íslandi. Niðurstöðurnar benda til að fagfólki finnist erfitt að finna jafnvægi milli verndar og þátttöku. Oft væri ekki ljóst hvaða reynslu rannsakendur hefðu af því að vinna með börnum. Vegna varnarleysis barna töldu margir viðmælendur að börn í þeirra þjónustu myndu ekki ráða við þá streitu sem gæti fylgt þátttöku í rannsóknum. Fagfólk benti á að aðrar aðferðir til að fá fram sjónarhorn barna gætu verið heppilegri, til dæmis að fá aðgang að skrifuðum gögnum eða málaskrám og nota það sem þar er skráð af fagfólki í stað þess að tala beint við börn. Í beiðnum um aðgang að börnum þurfa rannsakendur að sýna fram á á skýran hátt að þeir hafi reynslu og hæfni til að vinna með börnum, auk þess að útskýra hvernig þeir hyggist vernda börn sem boðin eru þátttaka í rannsóknum.

# Fjölmiðlar | Byggðamál

## Er samfylgd fjölmiðla og stjórnmála Þrándur í Götu stuðnings við fjölmiðla á Íslandi?


Valgerður Jóhannsdóttir[1], Birgir Guðmundsson[2]

[1] Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild



Í þessu erindi verður fjallað um samfylgd fjölmiðla og stjórnmála á Íslandi (political parallelism) með hliðsjón af kenningum um norrænar áherslur og velferðarkerfi fjölmiðla Leitað er svara við því hvort sterk hugmyndafræðileg tengsl milli fjölmiðla og stjórnmálaflokka hafi torveldað og muni torvelda innleiðingu norræns fjölmiðlalíkans, sem m.a byggir á opinberum stuðning við einkarekna miðla í því skyni að stuðla að faglegri og sjálfstæðri blaðamennsku Takmörkuð íhlutun ríkisins og brothætt fagmennska á norrænan mælikvarða getur gert fjölmiðlakerfið viðkvæmt fyrir pólitískum áhrifum og markaðslegum þrýstingi. Byggt er á fjölbreyttum gögnum um upplifun kjósenda, stjórnmálamanna og blaðamanna af samfylgd (parellism) fjölmiðla og stjórnmála. Þar á meðal er stuðst við nýjar niðurstöður úr frambjóðendakönnunum (2024) og nýlegrar könnunar á viðhorfum blaðamanna (2021). Niðurstöður renna stoðum undir víðtæka og marglaga upplifun almennings, fjölmiðla og stjórnmála af pólitískri samfylgd. Greining höfunda á á pólitískri umræðu um fjölmiðlastyrki í tíð síðustu ríkisstjórnar benda til mjög ólíkrar nálgunar stjórnmálaflokka á alþingi sem skapar nokkra óvissu um framtíðarstefnumörkun. Fyrirhugaðar breytingar nýrrar ríkisstjórnar á fyrirkomulagi styrkja hafa vakið gagnrýni frá stærri fjölmiðlafyrirtækjum. Niðurstöður benda til þess að margþætt upplifun á pólitískri samfylgd geti til lengri tíma verið veruleg hindrun fyrir árangursríka aðlögun íslensks fjölmiðlakerfis að norrænum velferðarviðmiðum.


## Hin huglæga hlutlægni í íslenskri blaðamennsku


**Guðbjörg Hildur Kolbeins**

Háskólinn á Akureyri, Félagsvísindadeild



Í rúma öld hafa blaða- og fréttamenn á Vesturlöndum almennt haft hugtakið hlutlægni (objectivity) að leiðarljósi í störfum sínum. Rannsóknir hafa þó sýnt að neytendur fjölmiðla sækjast ekki síður í fréttaflutning sem teljast má huglægur (subjective) og þar sem skoðanir eru skýrar á mönnum og málefnum. Hugtökunum huglægni og hlutlægni hefur yfirleitt verið stillt upp sem andstæðum pólum en í erindinu verða færð rök fyrir því að annað þeirra útiloki ekki hitt í einni og sömu fréttinni. Vorið 2023 voru tekin eigindleg viðtöl við fimm blaða- og fréttamenn hér á landi en viðtölin voru hluti af fjögurra landa samnorrænu rannsóknarverkefni. Upphaflegur tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvernig blaða- og fréttamenn skilgreindu hlutverk sín og vinnubrögð sín, en einnig var sjónum beint að notkun blaða- og fréttamanna á heimildarmönnum, sérstaklega á sérfræðingum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að í hlutlægum fréttaflutningi geti falist afstaða blaða- og fréttamanna sem nýti rödd sérfræðinga til að leggja huglægt mat á mál sem eru eldfim. Þannig getur sérfræðiálit heimildarmanna endurspeglað skoðanir blaða- og fréttamanna að miklu leyti í ýmsum málefnum.

## Flöskuháls Leifs Eiríkssonar: Um aðgengi að Keflavíkurflugvelli og eigendastefnu ISAVIA

**Þóroddur Bjarnason**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Í alþjóðlegum samanburði er framboð á millilandaflugi einstaklega gott á suðvesturhorni landsins. Frá Keflavíkurflugvelli er flogið til 92 áfangastaða , tæplega þrjátíu á hverja 100.000 íbúa svæðisins. Þessi gæði byggja einkum á tengiflugi milli Evrópu og Norður-Ameríku, vinsældum Íslands sem ferðamannalands og því að flug er helsti ferðamátinn milli landa. Þótt umtalsverð samkeppni sé í millilandaflugi er Keflavíkurflugvöllur sjálfur í einokunarstöðu. Flugvöllurinn er alfarið í eigu ríkisins í gegnum ISAVIA ohf sem samkvæmt eigendastefnu ríkisins hefur margvísleg hlutverk, t.d. að viðhalda millilandaflugi, tengja flugvelli við samgöngukerfið og almenningssamgöngur, tryggja sjálfbæran rekstur, fjárfesta í fluginnviðum og greiða ríkinu arð. ISAVIA sinnir vel markmiði um samkeppnisfært millilandaflug og hagnaðist um rúmlega fimm milljarða á árinu 2024. Hins vegar vantar talsvert upp á auðveldar og ódýrar tengingar flugvallarins við landið. Ekkert innanlandsflug er um Keflavíkurflugvöll og engir beinir flutningar tengifarþega milli innanlands- og millilandaflugs. Engin verðstýring er á dýrum leigubílum, bílastæði oft dýrari en flugmiðar og seljast upp á álagstímum. Flugvallarrútur eru jafnframt dýrar og leggja ekki af stað fyrr en þær fyllast, strætisvagnar ganga ekki að flugstöðinni og engar vísanir til þeirra, auk þess sem áætlanir samræmast ekki flugtímum. Niðurstöður nýrrar könnunar sýna að yfirgnæfandi meirihluti íslenskra millilandafarþega láta skutla sér eða leggja á flugvellinum. Þannig virðist ISAVIA bregðast skyldum eigendastefnunnar og skapa með því flöskuháls sem skilar félaginu tekjum en veldur einnig umtalsverðum óþægindum, sóar tíma og orkugjöfum, stækkar sótspor og eykur umferðarálag á Keflavíkurveginum og öðrum þjóðvegum landsins.

# Efnahagsleg áhrif vetrarflugs EasyJet til Akureyrar veturinn2023-2024

**Jón Þorvaldur Heiðarsson**

Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild

Haustið 2025 hóf flugfélagið EasyJet að fljúga milli Akureyrar og London. Flogið var tvisvar í viku eingungis yfir vetrartímann. Íslensk yfirvöld studdu þetta flug um 75 Mkr. Í erindinu verður lýst rannsókn á efnahagslegum áhrifum þessa flugs sem gerð var haustið 2024. Rannsóknin byggir töluvert á ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar sem og öðrum tölur frá Hagstofunni. Nánast allar þessar tölur voru bráðabirgðatölur þegar rannsóknin var gerð og geta því hnikast til er á líður. t.d. er algengt að endanlegar tölur um landsframleiðslu komi nokkrum misserum eftir að viðkomandi ári lýkur. Ýmiskonar ávinningur er af því að opna nýja flugleið og kemur hann ekki allur fram strax. Helstu efnahagslegu áhrif af fluginu þennan tiltekna vetur voru hins vegar metin eftirfarandi: Áætlað er að 2.392 erlendir farþegar sem komu með fluginu hafi eytt 493 Mkr á Íslandi. Með eyðslu 493 Mkr hafi þessir ferðamenn aukið landsframleiðslu um 226 Mkr. Með eyðslu á 493 Mkr hafi ríkissjóður fengið 60 Mkr aukalegar skatttekjur og sveitarfélög hafi fengið 22 Mkr aukalega skatta. Áætlað er að vegna þess að 3.045 íslenskir farþegar komust til útlanda frá Akureyri í stað þess að fara frá Keflavík hafi sparast 1.290.000 km akstur. Tímasparnaður þessara farþega við að sleppa við akstur hafi verið 2.280 dagar eða meira en sex ár. Til viðbótar þessum ávinningi er allt annað sem ekki er hægt að meta tölulega svo sem óskilgreind aukin lífsgæði, ný tækifæri og fl.

# Income and taxes

## Firm performance and female CEO appointments: glass cliff or opportunity?

**Ana Costa-Ramón**[1]**, Lena Hensvik**[2]**, Ana Rodríguez-González**[3]**, Anna Thoresson**[4]

[1] University of Zurich, Department of Economics
[2] Uppsala University, Department of Economics
[3] University of Barcelona, Department of Econometrics, Statistics and Applied Economics
[4] Reykjavik University, Department of Business and Economics

Despite significant progress in recent decades, women continue to be underrepresented in leadership roles. This has motivated extensive research on the invisible barriers that prevent women from reaching the top, a phenomenon commonly known as the glass ceiling. There is less research about the conditions under which women are appointed to leadership positions. Using administrative data from Sweden, this project examines whether poor firm performance affects the likelihood of appointing a female CEO. We first document two key descriptive findings: female CEOs are disproportionately concentrated in low-performing firms, and this sorting on the labor market explains a substantial portion of the CEO gender pay gap. To identify the causal effect of firm performance on CEO appointments, we exploit unexpected sales shocks that disrupt a firm's performance trajectory. We find that sudden negative sales shocks significantly increase the likelihood of appointing a female CEO in the short term, a pattern consistent with a so-called "gender glass cliff". We propose a new, previously overlooked, mechanism to explain this result. Because more CEO positions become vacant during crises, and the supply of qualified women is growing over time, the likelihood of female leadership increases - not because of the crisis itself - but via increased CEO turnover.

## Income Distribution in Iceland Based on Distributional National Accounts

**Arnaldur Solvi Kristjánsson, Arnaldur Smári Stefánsson**

Háskóli Íslands, Hagfræðideild

A growing literature estimates the distribution of income and wealth using national accounts definitions of income, enabling internationally comparable measures of inequality. While the World Inequality Database (WID) reports results for Iceland, these are based on crude approximations. This paper constructs the first estimates of pre- and post-tax income distributions for Iceland over 1981–2022 following the Distributional National Accounts (DINA) guidelines. Administrative tax records are combined with national accounts to measure pre-tax factor income, pre-tax national income, and post-tax disposable income. Pre-tax factor income consists of labour and capital income, while pre-tax national income pension and social security benefits but excludes pension contributions. Post-tax income equals pre-tax national income minus direct and indirect taxes and plus cash transfers. Following the DINA framework, we assume that taxes do not affect total national income nor its factor distribution. Taxes on capital are borne entirely by capital, and taxes on labour are borne entirely by labour. Using these data, we document the evolution of income shares across the distribution over time and in international comparison and evaluate the redistributive effects of Iceland's tax-and-transfer system.

## Intergenerational mobility in Iceland

**Emil Dagsson**[1], **Arnaldur Solvi Kristjánsson**[2]

[1] Seðlabanki Íslands
[2] Háskóli Íslands, Hagfræðideild

In this paper, we analyze income mobility and how it has developed alongside income inequality with data from Iceland for cohorts born in 1965-1989. We use administrative tax data covering all taxpayers from 1981 to 2022, which allows for consistent linkage across years and between parents and children. Economic mobility captures the level or degree of how much children of rich parents have an advantage over children of poor parents when it comes to obtaining economic prosperity. Therefore, this measure can be thought of as a measure of between-generation cross-sectional inequality. However, how today's inequality impacts economic mobility, or vice versa, is not fully understood. We assess whether the country exhibits the high levels of economic mobility observed in other Nordic nations. We find that Iceland has high levels of income mobility compared to its Nordic counterparts. However, mobility has declined, with the most change occurring among low-income women. This decline started after the 2008 financial crisis and has remained low, unlike income inequality, which initially increased during the financial crisis but declined again when the effect was considered.

## Labor Supply Response to a Tax Holiday: The Take-Home From a Large and Salient Shock

**Arnaldur Smári Stefánsson**

Háskóli Íslands, Hagfræðideild

Understanding how individuals choose their hours of work in different time periods, in response to different wage rates, is important for various fields of economics and affects, among other things, how to optimally design tax and pension systems, and monetary policy. In this paper I study how individuals adjust their labor income during a year in which labor income was tax-free (a tax holiday). In a difference-in-difference setting, exploiting a progressive tax scheme, I estimate an intensive margin elasticity of 0.06. There is no evidence of an extensive margin response. It is possible that individuals face more frictions in adjusting their income during the tax holiday than when faced with smaller or expected wage changes. Therefore, I also exploit an additional tax reform, combined with the tax holiday, to show that the data is consistent with a tax holiday elasticity of 0.05 and a Frisch elasticity of 0.3. This relies on the assumption that the marginal utility of wealth affects labor supply in an additively separable manner. By comparing groups that face almost no shock to average tax rate, the effect of marginal utility of wealth is canceled out in the difference-in-difference framework.

# Loftslagsaðgerðir, fjármál og sjálfbærni

## Kynjagleraugnasjóðir - Samanburður á aðferðum, eignasöfnum og árangri

**Freyja Vilborg Þórarinsdóttir, Ásta Dís Óladóttir, Sigríður Benediktsdóttir**

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Síðastliðinn áratug hafa fjárfestingar með kynjagleraugum vaxið hvað hraðast meðal ábyrgra fjárfestinga. Fjárfestingar með þessari áherslu eiga sér oftast stað í gegnum hlutabréfasjóði (kynjagleraugnasjóði) og hafa laðað til sín hundruði milljarða, meðal annars frá stærstu lífeyrissjóðum heims. Þar sem jafnréttistengdar fjárfestingar eru tiltölulega nýjar hafa fáar rannsóknir borið saman mismunandi aðferðir sjóðanna og metið ávinning þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á það hvernig kynjagleraugnasjóðir eru byggðir upp, hvaða nálgun þeir nota við mat á jafnrétti og hvort slíkar fjárfestingar skili fjárhagslegum ávinningi. Aðferð: Gögnum var safnað um 42 sjóði sem markaðssetja sig sem kynjagleraugnasjóði. Lokaúrtakið samanstóð af 14 sjóðum í Norður-Ameríku, Evrópu og Japan sem uppfylltu lágmarksviðmið um eignir í stýringu og rekstrarsögu. Skoðaðar voru aðferðir við mat á jafnrétti, eignasamsetning sjóða og árangur þeirra. Niðurstöður sýna að sjóðirnir beita ólíkum aðferðum við mat á jafnrétti meðal fyrirtækja, þar sem sumir fylgja kynjagleraugna-vísitölum en aðrir byggja á eigin mælikvörðum. Flestir sjóðanna fylgdu ávöxtun markaðarins (beta stuðull nálægt 1), en sjóðir sem voru virkir í stýringu skiluðu að jafnaði lakari ávöxtun að teknu tilliti til áhættu (Sharpe hlutfall). Þessar niðurstöður benda til þess að „jafnréttis" merking sjóðs gefi ein og sér ekki áreiðanlega vísbendingu um samsetningu hans, samfélagsleg áhrif eða væntan fjárhagslegan ávinning. Til að fjárfestar geti betur metið kynjagleraugnasjóði sem raunhæfan fjárfestingarkost þarf skýrari reglur, meira samræmi í upplýsingagjöf milli markaða og áframhaldandi rannsóknir sem greina bæði fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning af slíkum fjárfestingum, þ.m.t. raunveruleg áhrif á jafnrétti.

# Viðhorf og viðbrögð fjármálamarkaðsaðila við „hlíta eða útskýra“ ákvæði 4. gr. SFDR

Björg Jónsdóttir[1], Þröstur Ólafur Sigurjónsson[2], Lára Jóhannsdóttir[2], Stefan Wendt[3]

[1] Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptadeild
[3] Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptadeild

Stjórnvöld í Evrópu hafa á undanförnum árum beitt fjölbreyttum stefnuverkfærum (e. policy instruments) til að ýta undir samþættingu sjálfbærni í fjárfestingaákvarðanir fjármálamarkaðsaðila. Regluverkið hefur þróast frá því að vera að mestu valkvætt í átt að bindandi kröfum, aðallega með áherslu á gagnsæi og upplýsingagjöf fremur en beinum fyrirmælum um fjárfestingar. Reglugerð Evrópusambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu, nr. 2019/2088 (SFDR), endurspeglar þessa þróun. Fræðileg umfjöllun hefur hingað til verið takmörkuð um svonefnd skilyrt skylduákvæði (e. semi-mandatory) sem byggja á „hlíta eða útskýra“ (e. comply-or-explain) fyrirkomulagi. Rannsóknin greinir viðhorf og viðbrögð norrænna fjármálamarkaðsaðila, sem falla undir slíkt ákvæði í 4. gr. SFDR, til upplýsingakrafna um neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærni (e. principal adverse impacts, PAIs). Viðhorf voru könnuð með hálfopnum viðtölum við sjálfbærnisérfræðinga og viðbrögð greind út frá opinberum gögnum og vefsíðum sjóðanna. Niðurstöður benda til þess að viðmælendur líti almennt jákvæðum augum á ákvæðið, þar sem það veitir bæði sveigjanleika og lögmæti í framkvæmd. Hins vegar einkennast viðbrögð sjóðanna af áskorunum vegna ósamræmis í skýrslugerðarstöðlum og þar af leiðandi skorts á gæðum þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að birta PAI-upplýsingar. Fræðilegt framlag rannsóknarinnar er að auka skilning á verkun og áhrifum skilyrtra skylduákvæða til að hvetja fjármálamarkaðsaðila til að samþætta sjálfbærni í fjárfestingaákvarðanir. Hagnýtt framlag liggur í að draga fram mikilvægi sveigjanleika í stefnuverkfærum stjórnvalda og samþættingar samræmdra staðla fyrir sjálfbærniskýrslugerð.

## Samspil opinberra stjórntækja og loftslagsaðgerða einkaaðila

**Hrafnhildur Bragadóttir**

Háskóli Íslands, Lagadeild

Valkvæði kolefnismarkaðurinn gegnir sífellt veigameira hlutverki í loftslagsaðgerðum á heimsvísu. Markaðurinn gerir einkaaðilum kleift að kaupa og selja kolefniseiningar til að styðja við markmið um kolefnishlutleysi eða sýna fram á annars konar framlag til aðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða fjarlægja koldíoxíð úr andrúmsloftinu. Í erindinu verður kynnt rannsókn sem beinist að því hvernig samspil opinberra stjórntækja og loftslagsaðgerða einkaaðila hefur áhrif á valkvæða kolefnismarkaðinn. Áhersla er lögð á að skoða hvernig löggjöf getur virkjað einkafjárfestingar í verkefnum sem styðja við opinber loftslagsmarkmið og stuðla að loftslagsvænni verðmætasköpun. Byggt er á lagalegri greiningu á viðmiðum og reglum sem gilda um útgáfu og notkun kolefniseininga á valkvæðum markaði. Í því samhengi er sérstaklega horft til yfirstandandi þróunar á löggjöf Evrópusambandsins. Rannsóknin leiðir í ljós að óvissa um grundvallarskilyrði, svo sem viðbótarkröfuna og tilkall til loftslagsávinnings, geti grafið undan trúverðugleika valkvæða kolefnismarkaðarins. Til að auka traust og stuðla að skilvirku samspili opinberra aðgerða og einkaframtaks þarf að skýra og samræma reglur um markaðssetningu og notkun kolefniseininga. Fjallað er um hugsanlegar leiðir við mótun slíkra reglna og er litið til þess hvernig þær gætu skapað traustari grundvöll fyrir fjárfestingar einkaaðila, aukið tiltrú á loftslagsaðgerðum og styrkt hlutverk valkvæða kolefnismarkaðarins í loftslagsmálum.

## Bætt aðferðafræði við útreikninga á fjármagnaðri losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif hennar á kauphallarsjóði

**Reynir Smári Atlason**

Creditinfo

Fjármögnuð losun gróðurhúsalofttegunda er sú losun sem á sér stað hjá fyrirtækjum í útlána eða fjárfestingasafni útlánastofnana eða fjárfesta. Með aukinni pressu á fjármálafyrirtæki að þekkja og birta fjármagnaða losun gróðurhúsalofttegunda hefur ákall eftir staðlaðri aðferðafræði við slíka útreikninga verið hátt. Samræmd aðferðafræði leit dagsins ljós eftir að hópur Evrópskra fjármálafyrirtækja sammældist um hvernig þeim útreikningum væri best háttað. Sú aðferðafræði, gjarnan nefnd PCAF eftir samtökunum sem smíðaði hana, hefur einnig ratað inn í regluverk Evrópusambandsins.Í þessu erindi er fjallað um rannsóknir á því hvernig fjármögnuð losun gróðurhúsalofttegunda frá eignasöfnum fjármálafyrirtækja er reiknuð, þær áskoranir sem fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir þegar kemur að gagnaaðgengi og hvernig fjármálafyrirtæki hafa leyst þann vanda. Greint er hvernig valkvæðar leiðbeiningar varðandi útreikninga á losun frá lána- og eignasöfnum hafa ratað í regluverk án þess að augljósir gallar á aðferðafræði hafi verið lagfærðir eða útfærðir. Tillögur að uppfærðri aðferðafræði við útreikninga á fjármagnaðri losun er kynnt og hver áhrif slíkrar uppfærslu á aðferðafræði væru. Í erindinu er sjónum beint sérstaklega að fjármagnaðri losun frá 109 kauphallarsjóðum (e. exchange traded funds) sem fjárfesta einungis í skráðum Bandarí振kum hlutabréfum.Niðurstöður benda til þess að sjóðir sem stækka eða minnka hratt yfir árið gefi skakka mynd af fjármagnaðri losun með núverandi aðferðafræði, en einnig ef eignasafn þeirra breytist mikið á síðari hluta árs.

# Nám á ólíkum skólastigum

## Frá faglegu sjálfstæði til stöðlunar: Gramscisk greining á sjónarhorni reyndra leikskólakennara um málörvun og læsi

**Kristin Dýrfjörð**

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið - Kennaradeild

Erindið fjallar um hvernig reyndir leikskólakennarar skynja breytingar í menntun leikskólabarna með hliðsjón af tilfærslu frá faglegu sjálfstæði til aukinnar stöðlunar í vinnubrögðum og námskrá. Byggt er á hugmyndafræði Antonio Gramsci um menningarlega hegemóníu þar sem ráðandi hugmyndafræði nær fótfestu ekki með beinni þvingun heldur með því að fléttast inn í ríkjandi hugmyndir og menningu. Í samhengi leikskólastarfs birtist þetta í auknum áhrifum nýfrjálshyggju og áherslu á staðlaðan og mælanlegan árangur sem takmarkar svigrúm kennara til að viðhalda leikmiðaðri nálgun. Rannsóknin byggir á greiningu eigindlegra gagna sem safnað var með opnum spurningum sem leikskólakennarar, útskrifaðir á árunum 1969–2003, svöruðu. Þar lýstu þeir reynslu sinni af þróun leikskólastarfs og eigin faglegu sjálfsmynd. Svörin voru greind með þemagreiningu. Þátttakendur veittu upplýst samþykki og trúnaðar var gætt í meðferð gagna. Niðurstöðurnar sýna að margir kennarar upplifa skerðingu á faglegu sjálfstæði og aukið aðhald í formi staðlaðs efnis, oft á kostnað leiks sem sjálfstæðrar námsleiðar. Sumir sætta sig við þessar breytingar sem óhjákvæmilegar, aðrir reyna að halda í það sem þeir skilgreina sem hefðbundna „norræna leikskólahugsjón“. Í svörunum má þó finna mótsagnir, þar sem staðlaðar aðferðir eru réttlættar með vísan til undirbúnings barna fyrir grunnskólann. Rannsóknin varpar ljósi á spennuna milli ráðandi hugmyndafræði og faglegs sjálfstæðis í leikskólum. Hún sýnir hvernig kennarar bæði endurskapa og móta ríkjandi orðræðu og hvernig fagleg mótstaða getur skapað rými fyrir fjölbreytni. Niðurstöðurnar hafa þýðingu fyrir stefnumótun sem miðar að því að styrkja faglegt sjálfstæði leikskólakennara og tryggja leikinn sem grunn að námi í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

## Tækni til valdeflingar - Gervigreind sem stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika

**Andrea Ævarsdóttir**

Landsbókasafn Íslands

Ritgerðin fjallar um möguleika og áskoranir við notkun gervigreindar (AI) sem námsstuðnings fyrir framhaldsskólanemendur með sértæka námsörðugleika. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á: (1) hvort og hvernig þessir nemendur nýta AI í námi og daglegu lífi, (2) hvaða ávinning þeir upplifa og (3) hvaða hindranir standa í vegi fyrir þeim, bæði út frá menntunarlegum forsendum og siðferðislegu sjónarhorni. Rannsóknin er eigindleg og byggir á hálfopnum einstaklingsviðtölum við framhaldsskólanemendur á Íslandi, 16–19 ára, með greinda lesblindu, ADHD og/eða röskun á einhverfurófi. Viðtölin eru tekin á vettvangi skólans, hljóðrituð með upplýstu samþykki, afrituð orðrétt og greind með þemagreiningu. Í byrjun hverrar viðtalslotu er safnað stuttum lýðfræðilegum gögnum (aldur, kyn, námsleið, greining, reynsla af AI). Þessi aðferð er valin til að draga fram reynsluheim nemenda og veita innsýn í hvernig þeir upplifa notkun gervigreindar í tengslum við nám og daglegt líf. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að AI virki sem „aðstoðarkennari“ sem styður sérstaklega við textaúrvinnslu (lestrarskilning, endursögn, einföldun), skipulag (verkþætti, tímastjórnun) og hugmyndavinnu. Nemendur lýsa auknu sjálfstrausti, meiri sveigjanleika og auknu sjálfstæði í námi. Á hinn bóginn birtast hindranir sem tengjast stafrænu misrétti (aðgengi og færni), óljósu eða misræmdu skólaregluverki, skorti á fræðslu í gagnrýnni tækninotkun og hættu á hlutdrægni og rangfærslum kerfanna. Rannsóknin gefur vísbendingar um að markviss innleiðing AI í framhaldsskólum geti dregið úr aðgangshindrunum ef hún er studd skýrri stefnu, fræðslu í upplýsingalæsi og siðferðilegum viðmiðum.

# Upplifun fjarnema á námsbraut í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands: Sveigjanleiki, gæði og umbótatækifæri

**Ásta Bryndís Schram**[1], **Sigurbjörg Jóhannesdóttir**[2], **Svanhildur Þorvaldsdóttir**[3], **Eva Marín Hlynsdóttir**[3], **Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir**[3]

[1] Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið
[2] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, þjóðfræði- og mannfræðideild
[3] Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Á síðustu árum hefur fjarnám orðið meginkennsluform á námsbraut í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig nemendur upplifa þetta námsfyrirkomulag og hvaða þættir í skipulagi náms og kennslu hafa mest áhrif á upplifun þeirra. Rannsóknarspurningin var: Hvernig er upplifun nemenda af fjarnámsbrautinni í opinberri stjórnsýslu og hvaða þættir í skipulagi náms og kennslu móta þá upplifun, með það að markmiði að hámarka gæði námsins og mæta þörfum fjarnemenda? Byggt var á megindlegum og eigindlegum gögnum. Netkönnun var send til allra nemenda sem tóku 18 námskeið á brautinni á árunum 2022–2024. Alls tóku 237 nemendur þátt, þar af 200 sem voru skráðir á námsbrautina í opinberri stjórnsýslu. Svör voru greind með lýsandi tölfræði og þemagreiningu á opnum svörum. Helstu niðurstöður sýna að sveigjanleiki er lykilþáttur jákvæðrar upplifunar. Nemendur eru mjög ánægðir með að geta stundað námið alfarið í fjarnámi (meðaleinkunn 5,9 af 6,0) og 70% kusu 100% fjarnám án staðmætinga. Upptökur, sérstaklega fyrirfram teknir fyrirlestrar með góðu hljóði, eru metnar sem árangursríkasta kennsluaðferðin, á meðan rauntímafyrirlestrar án upptöku henta verst. Einstaklingsverkefni og heimapróf eru vinsælustu námsmatsleiðirnar en hefðbundnum staðprófum er alfarið hafnað. Netfundir eru þó mikilvægir sem félagslegur tengipunktur, að því gefnu að þeir séu val en ekki skylda. Rannsóknin dregur fram skýra mynd af því að fjarnemar sækjast ekki eftir eftirlíkingu staðnáms, heldur eftir námsfyrirkomulagi sem byggir á sveigjanleika, aðgengi og faglegri leiðsögn. Niðurstöðurnar veita mikilvægan grundvöll til að móta stefnu og umbætur í fjarnámi á háskólastigi.

## Frásagnir háskólanema af námsferli sínum í Gíneu-Bissá

**Jónína Einarsdóttir**[1], **Jon Edmund Bollom**[1], **Zeca Jandi**[2], **William Gomes Ferreira**[3], **Aladje Baldé**[3], **Geir Gunnlaugsson**[1]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Miðlæg stjórnsýsla
[3] Universidade Jean Piaget de Guiné-Bissau, Miðlæg stjórnsýsla

Rannsóknir sýna að nemendur sem þrátt fyrir veika félags- og efnhagslega stöðu halda áfram námi hafi meiri trú á eigin námsgetu, sjálfsprottinn námsáhuga, seiglu og jákvæðari viðhorf til vinnusemi en þeir sem hætta námi. Auk þess nýta þeir aðgengileg bjargráð af hagkvæmni og beita tilfinningastjórnun og lausnamiðuðum aðferðum við áskoranir. Þrautseigir nemendur halda einnig gjarnan sterkum tengslum við fjölskyldu og nærsamfélag sem veitir hvatningu og stöðugleika í námi og daglegu lífi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða þrautseiglu 24 nemenda sem voru komnir á annað ár háskólanáms eða lengra í Bissá, Gíneu-Bissá. Úrtakið var markvisst til að tryggja dreifingu hvað varðar kyn, búsetu (borg/sveit) og menntunarferil, samtals 11 konur og 13 karlar á aldrinum 19–47 ára. Foreldrar flestra höfðu ekki gengið í skóla eða að hámarki í fjögur ár. Nánast allir þátttakendur gengu gegnum efnahagslegar þrengingar frá barnæsku og unnu fjölbreytt störf til að fjármagna skólagöngu sína. Þau mátu mikils stuðning fjölskyldu og annarra, sem þó var mest hvatning. Nemandahópurinn var samhentur og veitti hjálp þegar illa stóð á. Þau höfðu misst mismunandi fjölda ára úr námi á námsferli sínum vegna fjárhagsvanda, kennaraverkfalla, dauðsfalla nákominna og eigin veikinda, en héldu ótrauð áfram þegar færi gafst, fullviss um námshæfileika sína og markmið. Þrautseigja felur hins vegar gjarnan í sér kostnað til lengri tíma vegna endurtekinna áfalla. Það er lykilatriði að hanna árangursríkan stuðning til að veita nemendum í félags- og efnahagslega erfiðum aðstæðum tækifæri til að að halda áfram námi og ná markmiðum sínum.

# ‘The more’ is not always ‘the better’: Statistical disclosure control guidelines for social science research in Iceland

Nidia G López Flores[1], Arndís Vilhjálmsdóttir[2]

[1] Hagstofa Íslands, Microdata Service
[2] Hagstofa Íslands

In the aftermath of the digital era, the expanded possibilities for data collection, storage, and sharing have significantly advanced the development of computational social science research. At the same time, a growing emphasis on open science calls for transparency and accessibility in the dissemination of scientific research across all levels of engagement. However, potential risks emerge when research is conducted without an adequate consideration of statistical disclosure issues, particularly relevant in the context of small and sparse populations. While existing research has addressed such concerns in relation to income-related variables in the Icelandic context, a more comprehensive adoption of statistical disclosure control methods across the social sciences remains necessary. As one of the primary custodians of Icelandic societal data, Statistics Iceland plays a central role in this process. This presentation introduces the initial development of statistical disclosure control guidelines currently being prepared by Statistics Iceland. These guidelines are specifically designed to support the dissemination of research results derived from microdata, with the goal of establishing a foundation for social science research practices that deliberately integrate data security and privacy considerations. By advancing these guidelines, we aim not only to safeguard privacy but also to inspire further collaboration and methodological innovation in the responsible use of microdata.

## Notkun vélnámsafðerða við mat á svarlíkindum í íslenskum spurningakönnunum

**Hafsteinn Einarsson**

Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Þar sem svarhlutfall í spurningakönnunum hefur farið lækkandi styðjast rannsakendur í auknum mæli við aðlagandi gagnaöflun, þar sem fjármagni er ráðstafað til að safna fleiri svörum frá einstaklingum sem tilheyra hópum sem eru ólíklegri en aðrir til að svara könnuninni. Til þess að hægt sé að notast við aðlagandi gagnaöflun þarf að styðjast við gögn sem hafa fylgni við svarlíkindi og skilvirkan metil. Í þessari rannsókn er stuðst við gögn úr Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og gögn úr íslenska skrárgagnakerfinu til að meta svarlíkindi. Auk þess nákvæmni ólíkra metla hvað varðar forspá um svarlíkindi borin saman, sér í lagi er skoðað hvort vélnámsaðferðir séu nákvæmari en hefðbundnar aðhvarfsgreiningaraðferðir. Niðurstöður benda til þess að forspá svarlíkinda byggða á reynslugögnum skili viðunandi árangri. Nokkurn mun má sjá á frammistöðu ólíkra metla, en Bayesísk aðhvarfsgreiningartré (BART) skila að öllu jöfnu nákvæmari forspá en aðrir metlar. Aðgangur að fleiri skráargagnabreytum skilar takmörkuðum árangri hvað varðar nákvæmni forspáa, sem bendir til þess að helstu skýriþættir þátttöku í íslenskum könnunum séu þegar ljósir. Þessar niðurstöður benda til þess að hægt sé að umbreyta könnunarsniði Vinnumarkaðsrannsóknarinnar þannig að stuðst verði við aðlagandi gagnaöflun.

## Gögn ríkisins – spegill þjóðarinnar eða upplýsingaóreiða?

**Arndís Vilhjálmsdóttir**

Hagstofa Íslands

Minnkandi þátttaka í könnunum og úrtaksrannsóknum kallar á leiðir til að nýta betur fyrirliggjandi gögn í félags- og heilbrigðisvísindum. Aukið aðgengi að gögnum ríkisins hefur opnað nýja möguleika í endurnýtingu gagna í félagsvísindum. Þannig hafa gögn Hagstofu Íslands verið notuð í rannsóknum í hagfræði, félagsfræði og lýðheilsu, bæði ein og sér, en líka samkeyrð með öðrum gögnum úr sjálfstæðum gagnasöfnunum fræðimanna og með stjórnsýsluskrám ríkisstofnana. Slík samtenging gagna hefur þann kost að fræðimenn geta gert þýðisgreiningar á hagfélagslegum ferlum og lýðheilsu, jafnvel yfir langan tíma, sem áður hafa þótt óhugsandi. Á sama tíma er óljóst hvaða gögn eru til hjá ríkisstofnunum, hver gæði þeirra eru og hvar þau eru aðgengileg. Í þessari samantekt er ætlunin að gefa yfirlit yfir þá möguleika sem felast í nýtingu gagna sem safnað hefur verið af ýmsum stofnunum ríkisins og sem hefur þann kost hafa mikla þekju. Nýtingu þeirra fylgja þó ýmsar áskoranir, til dæmis hvað varðar mælifræðilegt réttmæti þeirra, aðgengi að þeim og vernd persónuupplýsinga. Á þessari málstofu verður farið yfir hvaða gögn eru til, hvernig þau hafa verið nýtt og hvers konar gagnaumgengni rannsakendur þurfa að tileinka sér við nýtingu slíkra gagna.

# Vinnuumhverfi, fjarvinna og líðan

## Tilfinningavinna fangavarða á Íslandi

**Laufey Sif Ingólfsdóttir**[1], **Þóra Þorgeirsdóttir**[2]

[1] Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild
[2] Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptadeild

Að huga að andlegri heilsu á vinnustöðum þar sem andlegt álag er mikið skiptir verulegu máli, ekki aðeins fyrir vellíðan starfsmanna heldur einnig fyrir árangur og starfshæfni stofnunarinnar í heild. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á andlega líðan og tilfinningavinnu fangavarða sem starfa í íslenskum fangelsum, hóps sem lítið hefur verið rannsakaður hér á landi. Sérstök áhersla var lögð á að skoða hvernig starfið hefur áhrif á andlega líðan, faglega sjálfsmynd og viðbrögð við álagi, auk þess að greina hvaða úrræði og stuðning fangaverðir hafa til að mæta krefjandi aðstæðum. Rannsóknin byggði á eigindlegri aðferðafræði með hálfopnum viðtölum við átta fangaverði úr öllum fangelsum landsins. Viðmælendur höfðu ólíkan bakgrunn og mismunandi starfsaldur. Niðurstöðurnar sýna að andlegt álag er samofið starfi fangavarða og birtist sem stöðugt „bakgrunnshljóð“ fremur en afmarkaðir atburðir. Kulnun var sjaldan skráð formlega, en viðmælendur lýstu því að samstarfsfólk hætti störfum vegna álags. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður fannst mörgum starfið gefa tilgang og faglegt stolt, einkum í gegnum samstöðu, húmor og jákvæð samskipti. Tilfinningavinna reyndist lykilþáttur í daglegu starfi og fólst í að sýna yfirvegun og halda ró við erfiðar aðstæður. Stuðningur var þó að mestu óformlegur og byggði á samstarfsfólki og persónulegum aðferðum fremur en kerfisbundnum úrræðum. Rannsóknin dregur þannig fram mikilvægi þess að líta á andlega líðan fangavarða sem skipulagslegt verkefni þar sem þörf er á markvissum stuðningi, handleiðslu og faglegri eftirfylgni til að stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi og sjálfbærri starfsánægju.

## Þróun fjarvinnu hjá opinberum aðilum: Viðhorf stjórnenda

**Einar Svansson, Kári Joensen, Rakel Heiðmarsdóttir**

Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Talsverðar breytingar hafa orðið á fjarvinnu opinberra starfsmanna síðasta áratug. Heimsfaraldurinn Covid-19 hraðaði þróuninni og fjarvinna nær í dag til flestra þátta í starfsemi ríkis og sveitarfélaga. COVID-19 neyddi þannig sveitarfélög og ríkisstofnanir til að endurskoða vinnubrögð. Fjarvinnan hefur verið umdeild víða erlendis og má til dæmis nefna viðhorf nýrra valdhafa í Bandaríkjunum. Viðhorf stjórnenda hjá hinu opinbera hér á landi til þessara breytinga á staðsetningu starfsmanna við vinnu hafa ekki verið ítarlega rannsökuð áður. Það er því löngu tímabært að kanna viðhorf stjórnenda hins opinbera til þessara breytinga. Fyrsta vers er að kanna hver staðan er. Rúmlega 900 stjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum um allt land svöruðu spurningakönnun um starfsumhverfi sitt sem send var á u.þ.b. 1.900 aðila hjá ríki og sveitarfélögum í mars 2025. Þar var meðal annars spurt um skoðun stjórnenda á því hvort fjarvinna gangi almennt vel upp á vinnustaðnum og hversu umfangsmikil hún sé orðin. Meginrannsóknarspurningarnar snerust um það hvort hegðun opinberra starfsmanna og stjórnenda sé að breytast með nýrri tækni eins og fjarvinnu. Hvaða áhrif hefur þessi þróun á skilvirkni hins opinbera? Helstu niðurstöður eru að umfang fjarvinnu er breytilegt eftir stofnunum. Hluti stjórnenda er með efasemdir um gildi hennar við þær aðstæður sem þeirra stofnanir búa við. Þetta eru gagnlegar niðurstöður til að byggja frekari umræðu á.

## Fjarvinna og vellíðan starfsfólks: Tækifæri og áskoranir

**Thamar Melanie Heijstra, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir**

HÍ, Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði deild

Aukning blandaðrar vinna og fjarvinna hefur mótað vinnumarkaðurinn síðastliðin ár, en áhrif hennar á heilsu og vellíðan starfsfólks hafa enn verið lítið rannsökuð. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvaða þýðingu fjarvinna hefur fyrir starfsfólk á íslensku vinnumarkaði. Serstök áhersla er lögð á vinnuverndarþætti og vinnutengda líðan þeirra sem hana stunda. Gagnasöfnun fór fram sumarið 2024, og byggir á spurningakönnun og einstaklingsviðtölum. Niðurstöðurnar sýna að starfsfólk er almennt mjög ánægt með að vinna í fjarvinnu. Þeir nefna sveigjanleika, vinnufrið, tímasparnað, aukin afköst og jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem jákvæða hluti, en félagslega einangrun sem helsta neikvæða þáttinn. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að fjarvinna hafi mismikil áhrif á andlega, líkamlegu og félagslega líðan starfsfólks. Í kynningu verður fjallað um þessar afleiðingar og bent á að vinnustaðir þurfi að nálgast fjarvinnu út frá eigin forsendum fremur en að reyna að innleiða hana beint inn í staðbundin kerfi.

# Andleg heilsa, vímuefni og forvarnir

## Bataauður í bataferli frá vímuefnafíkn

**Erla Björg Sigurðardóttir**

Háskóli Íslands, Félagsráðgjafadeild

Í framkvæmd er megindleg langtímarannsókn á bataauði meðal einstaklinga í meðferð hjá tveimur meðferðarstofnunum sem veita langtíma eftirmeðferð vegna vímuefnaröskunnar. Grunnlína var tekin á tímabilinu maí 2024 – júní 2025 með spurningalistanum Recovery Capital Index (RCI). Sami spurningalisti verður lagður fyrir þátttakendur einu sinni á hverju ári fram til maí 2027/júní 2028. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja bataauð, greina stuðningaþarfir og kanna hvort bataauður aukist yfir tíma. Undirsvið bataauðs eru persónulegur auður, félagsauður og menningarlegur auður. Niðurstöður grunnlínu sýna meðalheildarskor 63,74, sem bendir til jákvæðra framfara en einnig svigrúms til frekari styrkingar. Persónulegur auður mælist lægstur 54,55, félagsauður 65,22 og menningarauður hæstur 71,45. Innan persónulegs auðs mælist húsnæði og búseta, atvinna, menntun og fjárhagur undir 50 og veruleg þörf á stuðningi hvað þessa þætti varðar. Innan menningarauðs eru þættir sem gefa til kynna að þátttakendur meðtaka nokkuð vel það sem fer fram í meðferðinni t.d. heilbrigður lífsstíll, samfélagskennd og finna tilgang með lífinu. Í mati á eigin stöðu gagnvart fíkn sögðust 40,3% ekki finna fyrir fíkn, 40,3% glíma stundum við fíkn, og 19,4% oft. Þeir sem fundu oft fyrir fíkn voru með að meðaltali lægstan bataauð. Bakgrunnsþættir þátttakenda sýna lágt menntunarstig og takmarkaða atvinnuþátttöku. Aðeins 7,8% voru í fullu starfi, 40,3% öryrkjar og 44,2% með fjárhagsaðstoð svitarfélags. Tekjur voru lágar, þar sem 44,2% höfðu undir 300.000 kr. og 37,2% með 301-400.000 kr. í mánaðarlaun. Niðurstöður undirstrika þörf fyrir úrbætur í húsnæðismálum ásamt mikilvægi starfsendurhæfingar, aukins stuðnings til að efla bataauð og bæta lífsgæði þátttakenda og auka þannig líkur á langtíma bata.

## Tengsl félagslegs trausts við þunglyndi

**Haukur Freyr Gylfason**

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Félagsauður er ómissandi í viðskiptum vegna hlutverks síns í að byggja upp og viðhalda verðmætum samböndum og tengslanetum. Rannsóknir benda til að félagslegt traust geti haft umtalsverð jákvæð áhrif á þróun þunglyndis. Traust er þó ekki einfalt fyrirbæri og mismunandi tegundir trausts geta haft mismikil áhrif. Það er markmið þessarar rannsóknar að kanna hversu stóran hluta af dreifingu þunglyndiseinkenna megi skýra með almennu trausti annars vegar og sértæku trausti hins vegar. Rannsóknin byggir á langsniðsgögnum Lýðheilsustöðvar úr könnununum Heilsa og líðan Íslendinga 2007 og 2009. Fjöldi athuganna var 3.211 úr 9.807 manna lagskiptu tilviljunarúrtaki íslenskra ríkisborgara eftir aldri og búsetu. Þunglyndiseinkenni voru metin með Þunglyndis, kvíða og streitukvarðanum (DASS), sértækt traust var metið með spurningum þar sem spurt var um traust til fjögurra hópa og almennt traust var metið með sex atriðum um traust til ótilgreindra annarra. Saman skýra almennt og sértækt traust 7,6% af dreifingu þunglyndiseinkenna en sértækt traust skýrir þó sýnu meira af dreifingu þunglyndiseinkenna. Sértækt og almennt traust skýra þunglyndiseinkenni umfram þunglyndiseinkenni áður og svipað mikið og mat fólks á líkamlegri heilsu sinni. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að traust skýri þunglyndiseinkenni að töluverðu leyti. Hlutur sértæks trausts er nokkuð stærri en þáttur almenns trausts sem bendir til mikilvægis félagslegs stuðnings, sem bjargráðs í glímunni við þunglyndi. Skýrihlutur almenns trausts er þó sjálfstæður sem er möguleg vísbending um jákvæð áhrif félagslegs auðs á þunglyndi. Kallað er eftir íslenskum rannsóknum á áhrifum félagslegs trausts á þróun þunglyndis.

## Forvarnir eru ferskvara

**Árni Guðmundsson**

Háskóli Íslands, Deild heilsueflingar, íþrótta og tómstunda

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þróun áfengis- og vímuefnaforvarna sem beinst hafa að börnum og ungmennum á Íslandi frá 1950 til okkar daga. Rannsóknarspurningin beinist að því hvernig inntak, aðferðir og áherslur forvarna hafa tekið breytingum í takt við samfélagslegar breytingar, þekkingu og breytt viðhorf til áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna. Aðferðin byggist á sögulegri greiningu þar sem stuðst er við fjölbreytt gögn, meðal annars opinberar skýrslur, fræðilegt efni, fræðsluefni og forvarnaherferðum. Gagnaöflun fólst í kerfisbundinni skoðun á heimildum sem varpa ljósi á ráðandi hugmyndafræði og framkvæmd forvarna í gegnum áratugina. Helstu niðurstöður benda til þess að forvarnir hafi ávallt verið í stöðugri þróun og endurspegli ríkjandi strauma og stefnur hverrar tíðar. Á fyrri hluta tímabilsins var áherslan fyrst og fremst á fræðslu um skaðsemi áfengis, oft byggða á varnaðar- og hræðsluáróðri. Síðar urðu til nálganir sem lögðu áherslu á jákvæð gildi, þátttöku ungmenna sjálfra og fjölbreyttar aðferðir sem byggja á rannsóknum og reynslu. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að forvarnir séu í sífelldri endurskoðun og aðlagaðar breyttum aðstæðum. Forvarnir eru í eðli sínu ferskvara og þurfa alltaf að vera til staðar. Góður árangur einnar kynslóðar er ekki tilefni til þess að draga úr forvarna- og fræðslustarfi. Forvarnir þurfa ávallt að vera til staðar.

# Barneignir, þungunarrof og mataræði barna

## Tengsl barneignaáforma við hugmyndir um kröfur foreldrahlutverksins

**Sunna Símonardóttir**[1], **Ásdís Aðalbjörg Arnalds**[2]

[1] Háskólinn á Akureyri, Félagsvísindadeild
[2] Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Á síðustu árum hefur fæðingartíðni hríðlækkað víða um heim, þar á meðal á Íslandi. Fólk eignast börn síðar á lífsleiðinni, auk þess sem barnleysi hefur aukist. Megindlegar rannsóknir hafa verið ráðandi þegar kemur að því að útskýra þessa þróun og vísa þær gjarnan til efnahagslegra aðstæðna og opinberrar stefnumótunar. Eigindlegar rannsóknir hafa aftur á móti að mestu einblínt á valið barnleysi kvenna. Ástæður lækkandi fæðingartíðni eru flóknar og margþættar og því er brýnt að þróa rannsóknir sem blanda saman ólíkum aðferðum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig viðhorf fólks til foreldrahlutverksins móta ákvarðanir þeirra um að eignast – eða eignast ekki – börn í framtíðinni. Notast var við könnunarraðsnið (e. exploratory sequential mixed-methods design) þar sem eigindlegum viðtalsgögnum var fyrst safnað við einstaklinga sem höfðu ákveðið að eignast ekki börn. Í viðtölunum var rætt um ástæður barnleysis og leiddi greining í ljós þrjú meginþemu: Foreldrar verða að fórna eigin þörfum til að setja þarfir barna sinna í forgang, Foreldrahlutverkið er líkamlega og tilfinningalega krefjandi og Foreldrar þurfa að vera sérfræðingar. Síðan voru þessi þemu notuð til að þróa 14 atriða spurningalista sem var lagður fyrir barnlaust fólk á barneignaraldri úr netpanel Félagsvísindastofnunar, með það að markmiði að greina hvernig þemum sem birtust í viðtölunum tengdust barneignaráformum. Greining megindlegra gagna leiddi í ljós að ákvarðanir um að eignast ekki börn höfðu skýr tengsl við viðhorf um að foreldrar þyrftu að færa fórnir og búa yfir sérfræðikunnáttu en hugmyndir um að foreldrahlutverkið væri líkamlega og tilfinningalega krefjandi virtust ekki koma í veg fyrir barneignaráform.

## Aðgengi að dagvistun og áhrif þess á barneignir

**Ásdís Aðalbjörg Arnalds**[1], **Sunna Símonardóttir**[2]

[1] Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild
[2] Háskólinn á Akureyri, Félagsvísindadeild

Ísland greinir sig frá hinum Norðurlöndunum hvað það varðar að hérlendis er foreldrum sjálfum ætlað að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólar geta tekið við. Annars staðar á Norðurlöndunum er réttur barns til leikskóladvalar lögbundinn. Fæðingarorlof á Íslandi er 12 mánuðir en algengt er að börn hefji leikskólagöngu við tveggja ára aldur. Mikið álag er á leikskólakerfinu á Íslandi og átök um hvert það skuli stefna, hver tilgangur þess er og hver markmið þess eigi að vera. Tímabundin fjölgun fæðinga í kjölfar COVID-faraldursins jók álagið enn frekar og loforð um leikskólapláss fyrir öll börn að loknu fæðingarorlofi hafa ekki gengið eftir. Opinber gögn frá Hagstofu Íslands sýna að á undangengnum fimm árum hefur hlutfall barna undir tveggja ára aldri á leikskóla lækkað, þrátt fyrir ákall um að fjölga þurfi dagvistunarúrræðum. Á sama tíma hefur fæðingartíðnin hrapað. Með það að markmiði að greina tengsl milli opinberrar þjónustu og barneigna, var lögð könnun fyrir einstaklinga á barneignaraldri úr netpanel Félagsvísindastofnunar árið 2024. Niðurstöður sýna að 15% foreldra fengu ekki dagvistunarpláss fyrir fyrsta barn sitt að loknu fæðingarorlofi, þrátt fyrir að hafa sóst eftir því. Af þeim höfðu 55% eignast fleiri börn, samanborið við 73–80% þeirra sem fengu pláss eða óskuðu ekki eftir plássi. Foreldrar sem ekki fengu dagvistun voru því mun ólíklegri til að eignast annað barn. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig aðgengi að dagvistun getur haft áhrif á barneignaráform og veita því mikilvæga innsýn í þróun fæðingartíðni á Íslandi og mikilvægi heildstæðrar umönnunarstefnu.

## Ísland og andstaðan við frjálslynda þungunarrofslöggjöf

**Gunnar Sigvaldason**[1], **Silja Bára Bára Ómarsdóttir**[2]

[1] Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild
[2] Háskóli Íslands

Í rannsókninni er fjallað um andstöðu íhaldsmanna við frjálslynda þungunarrofslöggjöf sem var samþykkt á Alþingi árið 2019. Færð eru rök fyrir því að andstaðan tilheyri langri og ríkri hefð íhaldsmanna sem hafa verið tilbúnir til að beita margvíslegum brögðum til að leggja stein í götu framsækinna hugmynda. Einnig verður því haldið fram að mælskubrögðin sem notuð voru tilheyri þekktum pólitískum kænskubrögðum innan íhaldshefðarinnar. Þetta má meðal annars sjá með því að beita fræðilegum greiningarramma Alberts O. Hirschman á orðræðuna en þennan greiningarramma nýtir Hirschman til að greina andstöðu íhaldsmanna fyrr og nú við framsækin stefnumál af ýmsum toga. Þannig var varað við því að framlagt lagafrumvarp myndi leiða til þeirra öfugsnúnu afleiðinga að heilbrigðum fóstrum yrði eytt, að löggjöfin væri tilgangslaus þar eð kerfið virkaði vel og að það gæti sett konur í hættu að þurfa einar og sjálfar að taka ákvörðun um að rjúfa þungun. Rannsóknin beinir sjónum að undirliggjandi andstöðu við líkamlegt sjálfræði kvenna og við sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Sýnt verður fram á mikilvægi hugmyndarinnar um stigveldi og andstöðunnar við „jafnrétti andskotans“. Með hliðsjón af straumum í alþjóðastjórnmálum, þar sem íhaldssöm öfl reyna að koma í framkvæmd stefnu sem er fjandsamleg konum og hagsmunum þeirra, er mikilvægt að rannsaka aðstæður í einstökum löndum sem hafa náð fram framsæknum breytingum þrátt fyrir bakslag víða um heim. Greinin veitir innsýn í eðli þessara bakslaga sem og íhaldshreyfingu samtímans.

# Þvingun eða sjálfræði? Kynbundin áhrif á fiskneyslu barna

**Auður Hermannsdóttir**

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Aðferðir foreldarar í tengslum við matartíma geta ýmist stuðlað að eða dregið úr heilbrigðu matarræði barna. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif á viðhorf og neyslu barna ef foreldarar beita annars vegar þvingandi aðferðum og hins vegar sjálfræðis-styðjandi aðferðum þegar boðið er upp á fiskmáltíðir á heimilum. Jafnframt var markmiðið að meta hvort áhrifin væru háð skynjun barna á væntingum foreldra til þess að þau borði fisk og hvort áhrifin væru ólík eftir kyni barna. Lagskipt handahófskennt úrtak foreldra barna á aldrinum 6 til 15 ára var tekið úr viðhorfahópi Gallup. Þátttakendur (n=787) voru börn þessara einstaklinga sem svöruðu spurningalista. Niðurstöðurnar sýna að þvingandi aðferðir, þar sem börnum er gert að smakka eða klára matinn, leiða til neikvæðra viðhorfa til fiskneyslu, sérstaklega þegar börn upplifa miklar væntingar frá foreldrum. Þessi áhrif voru umtalsvert sterkari hjá stelpum en strákum. Þvingandi aðferðir höfðu jákvæð áhrif á fiskneyslu þegar væntingar foreldrar voru skynjaðar litlar, en þegar væntingar voru skynjaðar miklar dró úr neyslunni. Sjálfræðis-styðjandi aðferðir, þar sem börn ráða hvort eða hversu mikið þau borða, höfðu jákvæð áhrif á viðhorf stráka, en neikvæð á viðhorf stelpna þegar skynjaðar væntingar foreldra voru litlar. Áhrif á neyslu voru einnig kynbundin þar sem sjálfræðis-styðjandi aðferðir dróu úr fiskneyslu stelpna þegar væntingar foreldra voru skynjaðar litlar en höfðu engin áhrif á stráka. Niðurstöðurnar benda til að aðferðir við matartíma þurfi að taka mið af skynjun barna á væntingum foreldra og að mismunandi aðferðir henti stelpum og strákum til að stuðla að jákvæðu viðhorfi og aukinni fiskneyslu.

# Fólksflutningar og inngilding

## Merkingarbær miðlun handverksþekkingar: Vænleg leið til inngildingar.

**Soffía Valdimarsdóttir**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Í samfélagsgerð vaxandi fjölbreytileika er inngilding brýnt viðfangsefni. Samtímis má draga í efa að formlegt menntakerfi hafi forsendur til að vera sá vettvangur inngildingar fyrir öll sem margir ætla. Á þetta sérstaklega við um fullorðna meðal aðfluttra. Markmið þessarar tilviksrannsóknar er að kanna möguleika til inngildingar í gegnum óformlega miðlun handverksþekkingar. Í forgrunni rannsóknar er sú grundvallarhugmynd félagslegrar hugsmíðahyggju að þekking mótist fyrst og fremst með samskiptum einstaklinga. Litið er til þess að óformleg menntun hentar vel fullorðnum og að handverksiðkun í hópi getur verið farvegur persónulegra og samfélagslegra umbóta, ekki síst á umbrotatímum. Helsta spurning rannsóknar er: Hvernig getur merkingarbær miðlun handverksþekkingar skapað forsendur til inngildingar? Rannsóknin byggir á þátttökuathugunum, vettvangsnótum og viðtölum við þátttakendur frá Íslandi og Úkraínu sem hafa komið saman vikulega til óformlegrar handverksiðkunar í Reykjavík frá því í apríl 2022. Með þemagreiningu voru þrír megin þræðir niðurstaðna mótaðir; Merkingarbær iðja, mikilvægi óyrt þekkingarmiðlun og þvermenningarlegur skilningur. Niðurstöður sýna hvernig þetta handverkssamfélag sem upphaflega hafði engan skilgreindan menntunarlegan tilgang, þróast í lærdómssamfélags sem einkennist af inngildandi námsumhverfi. Helstu forsenur þeirrar þróunar eru óformleg umgjörð, virk þátttaka á jafningja grunni og eðli handverksþekkingar. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að óformleg handverkssamfélög sem fái nauðsynlegan stuðning í formi aðstöðu og hráefna geti verið ákjósanlegur vettvangur inngildingar sem vert er að kanna frekar. Þetta á ekki síst við fyrir þá hópa fullorðinna sem kunna að hafa takmarkað aðgengi að formlegri menntun í nýjum heimkynnum.

## Að dvelja eins nálægt heimalandinu og öryggið leyfir: Óskir búrúndísks flóttafólks úr efri stéttum um ný dvalarlönd

**Guðrún Sif Friðriksdóttir**

ReykjavíkurAkademían

Stéttastaða fólks á flótta, og hvernig félags-efnahagsleg staða hefur áhrif á upplifun og ákvarðanatöku þess, er lítt rannsakað efni. Í þessari rannsókn var leitast við að skoða hvert fólk á flótta sem hafði auðmagn til þess að ákvarða hvert það færi og hvernig það ferðaðist þangað vildi helst fara. Einnig var skoðað hvernig stéttastaða hafði áhrif á óskir um nýjan stað. Rannsóknin er byggð á samtölum og þáttökuathugun við 19 Búrúndíbúa úr efri lögum samfélagsins sem flúðu Búrúndí í kringum kosningaofbeldi árið 2015 og bjuggu í Belgíu eða Svíþjóð þegar gagnaöflun fór fram. Gögnum var safnað milli desember 2022 og nóvember 2024. Löngunin að vera nálægt heimahögunum kom mjög sterkt fram í samtölum. Löngunin tengdist bæði því að eiga auðveldar með að halda tengslum við heimalandið en tengdist einnig hugmyndum um að viðhalda stéttastöðu. En öryggisógn tengdist einnig nálægð við Búrúndí. Fólk þurfti því að vega löngunina að vera nálægt heimahögunum á móti mögulegri öryggisógn. Langanir viðmælenda benda til að lönd í Afríku hafi ýmsa kosti umfram lönd í Evrópu þegar velja á nýtt dvalarland. Þetta stangast á við almennar hugmyndir um óskir fólks á flótta frá Afríku, bæði stefnumótunaraðila og innan akdemíunnar.

# Hvert á ég að snúa mér? Aðgengi innflytjenda að upplýsingum um þjónustu í íslensku heilbrigðiskerfi.

**Svafa Kristín Pétursdóttir**, **Unnur Dís Skaptadóttir**

Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Rannsóknin „Hvert á ég að snúa mér? Aðgengi innflytjenda að upplýsingum um þjónustu í íslensku heilbrigðiskerfi" snýst um hvaða áskoranir innflytjendur á Íslandi upplifa þegar þeir leita sér upplýsinga um heilbrigðisþjónustu innan íslenska heilbrigðiskerfisins. Markmið rannsóknarinnar var að draga fram hver reynsla innflytjenda af því að leita eftir upplýsingum um heilbrigðisþjónustu væri og hvort eða hvernig það stuðlaði að inngildingu innflytjenda í íslenskt samfélag. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði og voru 4 viðtöl tekin, þar af þrjú viðtöl við innflytjendur en eitt við íslenskan heilbrigðisstarfsmann. Stuðst var við grundaða kenningu (e. grounded theory) við úrvinnslu á viðtölunum. Voru niðurstöðurnar settar í samhengi við kenningar um fólksflutninga, hnattræna heilsu, heilsulæsi, aðlögun, það að tilheyra og inngildingu. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að innflytjendur vita lítið um þá heilbrigðisþjónustu sem til boða stendur á Íslandi þegar þeir koma fyrst til landsins. Þegar þeir þurfa svo að leita eftir heilbrigðisþjónustu á Íslandi mæta þeir ákveðnum áskorunum þegar þeir leita sér upplýsinga. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að innflytjendur ná ekki að afla sér áreiðanlegra upplýsinga án þess að leita hjálpar hjá vinum, kunningjum, vinnuveitendum eða samlöndum, sem þegar hafa flutt til landsins. Niðurstöðurnar sýna einnig að heilbrigðiskerfið hefur ekki náð að koma upplýsingum um heilbrigðisþjónustu nægilega vel til innflytjenda. Niðurstöðurnar samræmist einnig öðrum rannsóknum um aðgengi að heilsugæslu þar sem bent hefur verið á að innflytjendur standi frammi fyrir áskorunum eins og skorti á trausti til heilbrigðisstarfsfólks og heilsugæslu, misgóðri kunnáttu í tungumáli dvalarlandsins mismunandi þekkingu og reynslu af heilbrigðiskerfinu.

## Kynjuð upplifun jafnréttis í íslenskum byggðarlögum

**Gréta Bergrún Jóhannesdóttir**

Háskólinn á Bifröst, Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Upplifun fólks á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi er mismunandi og viðhorf til jafnréttismála sömuleiðis. Umhverfi og samfélag geta þar skipt miklu máli, og sá taktur sem í samfélaginu er, umræða sem og byggðabragur. Í rannsóknum í byggðafræði má sjá ýmsar vísbendingar um að jafnrétti kynjanna gangi aðeins hægar inn í dreifðum byggðum og að verkaskipting kynjanna sé aðeins „hefðbundnari", bæði á vinnumarkaði og inná heimilum. Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum spurði í mars 2025 tilviljanakenndan úrtakshóp um allt land um viðhorf þeirra til stöðu karla og kvenna í sínu samfélagi, um þátttöku í sjálfboðaliðastarfi og einnig hver sinnti þriðju vaktinni á heimilinu. Fyrstu niðurstöður benda til að nokkur kynjamunur sé á upplifun af stöðu karla og kvenna, þar sem konur telja karla hafa mun sterkari stöðu á meðan karlar hallast frekar að því að staðan sé jöfn. Sama má segja um upplifun af verkaskiptingu þriðju vaktarinnar, þar sem konur segjast frekar sinna þessu meira á heimilinu en karlar hallast frekar að því að þessu sé jafnt skipt. Byggðarlögum var einnig skipt eftir stærð og þar má sjá áhugaverðan mun er varðar sýn á jafnrétti og þriðju vaktina. Til dæmis eru konur í minnstu byggðarlögunum líklegri en hinar til að segjast sinna þriðju vaktinni meira en maki. Þessar niðurstöður verða betur kynntar á ráðstefnunni, þar sem farið verður í upplifun karla og kvenna af jafnrétti með tilliti til stærðar samfélags, aldurs og fleiri ráðandi þátta sem reynast áhugaverðir.

## Bakslag hjá konum?

**Ingólfur V. Gíslason**

Háskóli Íslands, Félagsfræði

Oft er nefnt í almennri umræðu að bakslag hafi orðið á þessu eða hinu sviðinu sem snýr að jafnrétti karla og kvenna hérlendis. Í þessu erindi verður skoðað hvað hæft er í slíkum fullyrðingum þegar horft er á þróunina á Íslandi þessa öld. Gengið er útfrá hugmyndum Sylviu Walby um sex meginsvið feðraveldisins og lýsandi tölfræði frá Hagstofunni, Landlækni og ýmsum öðrum aðilum, notuð til að skoða breytingar á hverju sviði fyrir sig. Sviðin eru: atvinnulíf, fjölskylda og heimili, ríkisvald, ofbeldi, kynverund og menning. Megin niðurstöður eru þær að hvergi verði fundið að afturkippur hafi orðið á stöðu og möguleikum kvenna á Íslandi það sem af er öldinni. Breytingar hafa á flestum sviðum verið verulegar og til styrkingar á stöðu kvenna. Á tveimur sviðum virðist þó vera um stöðnun að ræða en sérstaklega á öðru þeirra (ofbeldi) er afar erfitt að meta þróun á grundvelli aðgengilegrar tölfræði. Einnig þar eru þó vísbendingar um að staðan hafi heldur skánað. Í lokin verður því velt upp hvort ástæða sé til að ætla að bakslag sé líklegt á næstunni.

# Formlegar og óformlegar agaaðferðir í lögreglunni: Ótti við afleiðingar þess að bregðast við kynferðislegri áreitni

**Laufey Axelsdóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir**

Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Rannsóknir sýna að kynferðisleg áreitni er alvarlegt vandamál innan lögreglunnar á Íslandi sem ógnar vellíðan starfsfólks. Karllæg vinnumenning og kynjuð valdatengsl innan lögreglunnar eru talin ýta undir kynferðislega áreitni og eiga þátt í óeðlilegu brotthvarfi kvenna úr lögreglunni. Enn fremur hafa erlendar rannsóknir bent á að óformlegir þættir eins og slúðurmenning (e. rumour mill culture) og „blái þagnarmúrinn" (e. blue wall of silence) eigi þátt í því að kynferðisleg áreitni þrífst innan lögreglunnar. Til að fræða og valdefla starfsfólk lögreglunnar til að vinna saman að bættu vinnuumhverfi var þróuð þjálfun byggð á umræðuvettvangi (e. in-group forums) og þátttökuleikriti (e. Forum Power Plays). Gögnum í formi umræðuhópa var safnað 2024 og 2025 með 136 lögreglunemum og 20 lögreglumönnum. Samtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Lögð er fram eftirfarandi rannsóknarspurning: hvernig móta stigveldi og slúðurmenning innan lögreglunnar upplifun lögreglunema og lögreglumanna á eigin getu til að bregðast við kynferðislegri áreitni? Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig „menning ómöguleikans" í kringum kynferðislega áreitni er fest í sessi með formlegum og óformlegum agaaðferðum. Stigveldi, aðgerðaleysi stjórnenda og slúðurmenning stuðla að því að lögreglunemar og menntað lögreglufólk lærir að þekkja stöðu sína innan lögreglunnar. Þau læra að hlýða hærra settum lögreglumönnum og óttast neikvæðar afleiðingar þess að bregðast við kynferðislegri áreitni innan lögreglunnar, sérstaklega ef gerendur eru háttsettir lögreglumenn.

Rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu UISH sem er styrkt af Nordforsk (nr. 137287) og er unnin í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og Landssamband lögreglumanna.

## Kynferðisleg áreitni innan lögreglunnar: er munur á reynslu lögreglumanna og borgaralegs starfsfólks?

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir

Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild

Kynferðisleg áreitni innan lögreglunnar hefur talsvert verið rannsökuð á undanförnum árum og hafa rannsóknir mest beinst að menntuðum lögreglumönnum. Minna er vitað um reynslu annars starfsfólks lögreglunnar, s.s. borgaralegs starfsfólks og lögreglunema. Í þessari rannsókn beinum við sjónum að mismunandi birtingarmyndum kynferðislegrar áreitni eftir starfi. Í erindinu verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk lögreglunnar árið 2022. Í könnuninni var spurt um atriði er lúta að vinnumenningu og kynjuðum valdatengslum, þ.á.m. kynferðislegri áreitni, sem greina má út frá félagslegum áhrifaþáttum s.s. kyni, aldri, staðsetningu starfsstöðvar og starfaflokkun. Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni er útbreidd innan lögreglunnar. Stór hluti kvenna, óháð starfaflokkun, hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt í lögreglunni. Konur sem eru menntaðir lögreglumenn eru líklegri en aðrar konur innan lögreglunnar til að verða fyrir slíkri hegðun og að skilgreina sig sem þolendur kynferðislegrar áreitni. Niðurstöður rannsóknarinnar veita dýpri innsýn í umfang og mismunandi birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, sem og í kynjuð valdatengsl og vinnumenningu innan lögreglunnar. Niðurstöðurnar benda til þess að lögreglan þurfi að grípa til viðamikilla og markvissra aðgerða til bæta vinnumenninguna og vinna gegn kynferðislegri áreitni innan vinnustaðarins.

# Mannauður og ráðningar

## Samspil væntinga í ráðningarferli: Sjónarmið mannauðsstjóra og umsækjenda á íslenskum vinnumarkaði

**Auður Arna Arnardóttir**[1], **Anna Hedvig Þorsteinsdóttir**[2]

[1] Háskóli Íslands, Viðskiptafræði
[2] Lýsi

Markmið rannsóknarinnar er að greina þá þætti sem stuðla að farsælu ráðningarsambandi samkvæmt mati mannauðsstjóra og hvernig slíkir þættir koma til mats í ráðningarferli íslenskra fyrirtækja. Sérstaklega er horft til samræmis eða misræmis milli sjónarmiða mannauðsstjórnenda annars vegar og umsækjenda hins vegar. Rannsóknin byggir á blönduðu rannsóknarsniði þar sem eigindleg gögn úr hálfopnum viðtölum við níu reynda mannauðsstjóra eru sett í samhengi við megindlega könnun sem 702 einstaklingar svöruðu. Niðurstöðurnar sýna að mannauðsstjórar leggja mikla áherslu á persónulega eiginleika, hæfni til að samlagast vinnustaðarmenningu og traust sem hluta af sálfræðilega samningnum. Enn fremur kom í ljós að undirbúningur og markviss matsferli skipta lykilmáli fyrir árangur ráðninga. Megindleg gögn staðfestu að mestu leyti þessa sýn, en þó komu fram frávik, einkum varðandi skýrleika í upplýsingagjöf og væntingastjórnun, sem umsækjendur töldu ábótavant. Heildarniðurstöður draga fram mikilvægi þess að ráðningarferli endurspegli breyttar væntingar á vinnumarkaði og að leitast sé við að tryggja samræmi milli væntinga vinnuveitenda og umsækjenda. Rannsóknin varpar ljósi á samspil huglægra og faglegra þátta í ráðningum og býður mannauðsstjórum hagnýta innsýn til að bæta árangur ráðningaraðferða.

